

Iðjubjálfinn

Fagblað iðjubjálfa

- Til hamingju iðjubjálfar
- Aðalfundur Iðjubjálfafélags Íslands
- Hlutverk Íslendinga
- Viðhorf aldraðra
- Siðareglur IPÍ
- Eru iðjubjálfar áhugalausir um launin sín?
- Iðjubjálfar halda ráðstefnu
- Félagatal IPÍ



IPÍ
iðjubjálfafélag
Íslands



Sveigjanleg lausn á loftfestum lyftum!



Með einni lyftu frá Humancare hefur þú í höndunum heildarlausn sem endist þér allan daginn.

Lyftan er færanleg á milli herbergja fullmönnuð, svo fremur sem brautir séu fyrir hendi. Þú tekur síðan lyftuna með þér á næsta vinnustað og notar hana þar.

Jón Eiríksson Hliðarsmára 9
S: 564 2820 Fax: 564 2420



ALNO®

-sniðið að
þínum þörfum!



ELDHÚS • TÆKI • STIGAR •
BAÐ • FATASKÁPAR • GÓLF

ALNO® **BÚÐIN** ●●
Grensásvegur 8 • 108 Reykjavík

Sími: 581 4448
Fax: 581 4428
panorama@simnet.is

Norrænt málþing um setstöður

4.-6. október 2001

í Stokkhólmi

Hjálpartækjastofnunin í Svíþjóð
í samvinnu við hjálpartækjastofnanir á hinum Norðurlöndunum
boðar til

málþings um setstöður í hjólastólum
fjöldi fyrirlestra - umræðuhópar - vinnuhópar

Málþingið er ætlað iðjupjálfum, sjúkrapjálfum, stoðtækja-
fræðingum og stoðtækjasmíðum sem vinna að bættum
setstöðum hjólastólanotenda

Fyrirlesarar eru frá Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Íslandi,
Finnlandi, Englandi og USA

Dagskrá er að finna á www.hi.se/sittsymp

Nánari upplýsingar veitir Inga Jónsdóttir iðjupjálfi
Hjálpartækjamiðstöð TR, sími 5574250 - ingaj@tr.is



Samhliða ráðstefnunni er hjálpartækjasýning "Hjultorget"
ætluð notendum og fagfólki þar sem um 60 fyrirtæki sýna
vörur sínar

STOCKHOLM WFOT 2002

“Action for Health in a New Millennium”

**We have great pleasure in inviting you to the
13th WFOT World Congress of Occupational Therapists,
23-28 June, 2002 in Stockholm, Sweden**

This world congress is an excellent opportunity to take part in an interesting programme including the latest news in the field of occupational therapy, to exchange experiences as well as to meet old and new friends. During the week of the congress WFOT will celebrate its 50th Anniversary, a happening we will commemorate in many different ways.

The congress book, which includes abstract- and registration forms, is available on the website www.wfot2002.com. Please contact us if you would like to order a hard copy of the book. We welcome you to submit an abstract on research and development in the clinical work.

Please mark these important dates in your calendar:

15 July 2001	Last day for abstracts submitted by ordinary mail
15 August 2001	Last day for abstracts submitted on the Internet
28 February 2002	Low registration fee deadline

Welcome to Stockholm in the lovely month of June 2002!

Inga-Britt Lindström
Co-President

Chris Henriksson
Co-President

For further information, please contact:

Tina Poulsen
Executive Congress Secretary
The Swedish Association of Occupational Therapists
Box 760, SE- 131 24 Nacka, Sweden
Tel: +46 8 466 24 48
Fax: +46 8 466 24 42
E-mail: wfot2002@akademikerhuset.se

Website: www.wfot2002.com

ÍÐJUPJÁLFINN

fagblað iðjupjálfa

Pósthólf 4159

124 Reykjavík

www.islandia.is/idjuthjalfun

idjuthjalfun@islandia.is



Efnisyfirlit

Til hamingju iðjupjálfar	8
Aðalfundur Íðjupjálfafélags Íslands	10
Hlutverk Íslendinga	12
Viðhorf aldraðra	22
Eru iðjupjálfar áhugalausir um launin sín	32
Siðareglur IPÍ	34
Félagatal IPÍ	36
Iðjupjálfar halda ráðstefnu	38

Stjórn IPÍ:

Kristín Sigursveinsdóttir formaður
Þóra Leósdóttir varaformaður
Birgit Schov gjaldkeri
Ingibjörg Jónsdóttir ritari
Ragnheiður Lúðvíksdóttir meðstjórnandi

Umsjónarmaður félagaskrár:

Þóra Leósdóttir

Ritnefnd:

Björg Þórðardóttir
Guðrún Á. Einarsdóttir
Sigprúður Loftsdóttir
Maren Ó. Sveinbjörnsdóttir
Erla Björk Sveinbjörnsdóttir
Guðný Katrín Einarsdóttir
Soffía Haraldsdóttir
Þóra Leósdóttir

Ritstjórn:

Þóra Leósdóttir
Sigprúður Loftsdóttir
Guðrún Á. Einarsdóttir

Prófarkalestur:

Þóra Leósdóttir
Guðbjörg Kr. Arnardóttir
Björg Koefed-Hansen

Stóra forsíðumyndin:

Pálmi Guðmundsson ljósmyndari

Hönnun, umbrot og prentun:

Prentmet ehf., Skeifunni 6, 108 Reykjavík

Pökkun og frágangur:

Iðjupjálfun Geðdeildar Landspítala
Háskólasjúkrahúss, Kleppi

Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta texta og færa mál til betri vegar.

Ritstjórnarspjall

Ritnefnd Íðjupjálfans óskar lesendum gleðilegs sumars. Með hækkanði sól er margt skemmtilegt í vændum. IPÍ á 25 ára afmæli og í júní útskrifast fyrstu iðjupjálfanemarnir með íslenska menntun að baki. Iðjupjálfar ætla að skunda norður yfir heiðar og hittast á ráðstefnu um iðjupjálfun í íslensku samfélagi. Á ráðstefnunni verður fjölbreytt dagskrá og fróðleg erindi. Það verður að sjálfsögðu hin mesta blíða á Akureyri ráðstefnudagana.

Meðal efnis í þessu sumarblaði eru tvær greinar um spennandi rannsóknir innan fagsins. Þær fjalla um viðhorf aldraðra til sjálfræðis og forræðis í tengslum við umönnun aldraðra og hlutverk Íslendinga, gildi þeirra og tíðni. Formaður IPÍ skrifar pistil og veltir vöngum yfir aðgengi fólks að þjónustu iðjupjálfa. Finna má fréttir af félagsstarfi. Þar á meðal er fréttaskot frá kjaranefnd og áhuga – og faghópum innan IPÍ. Aðalfundi eru gerð skil í máli og myndum.

Á aðalfundi var kosið í nýja ritnefnd og er nefndin fullmönnuð nýjum og kröftugum iðjupjálfum sem ætla sér að halda áfram að gefa út metnaðarfullt og spennandi fagblað. Þær eru Guðrún Á. Einarsdóttir, Sigprúður Loftsdóttir, Björg Þórðardóttir og Maren Ó. Sveinbjörnsdóttir. Blikur eru á lofti um að fleiri bætist í hópinn von bráðar. Við „gömlu“ óskum nýrri ritnefnd gæfu og velfarnaðar í starfi.

Að lokum viljum við þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og stofnunum sem styrktu útgáfu þessa 1. tölublaðs 2001 með auglýsingum og afmælisóskum.

Ritstjórar



Á. GUÐMUNDSSON ehf.
húsgagnaverksmiðja

Bæjarlind 8-10 Kópavogi Sími 510 7300

Endurhæfingarpjónusta LSH

óskar eftir iðjupjálfum til starfa.

Í daglegu starfi iðjupjálfa er tekist er á við færniraskanir af ýmsum toga. Náið samstarf er við ýmsar faggreinar og teymi. Í kjölfar skipulagsbreytinga við spítalann gefast nú ný tækifæri til að móta hlutverk iðjupjálfa og framtíðarstörf í þjónustu við margbreytilega skjólstæðingahópa spítalans. Viðtæk starfsreynsla fæst með mögulegum deildarskiptum. Bjóðum störf á eftirtöldum starfsstöðvum:

Fossvogi: Öldrunarmatsdeild og almennar legudeildir
Hringbraut: Almennar legudeildir
Landakoti: Öldrunarsvið

Í Fossvogi veitir Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir forstöðuiðjupjálfi upplýsingar í síma 525-1554, netfang ingibs@landspitali.is

Á Hringbraut veitir Auður Hafsteinsdóttir yfiriðjupjálfi upplýsingar í síma 560-1427, netfang audurhaf@landspitali.is

Á Landakoti veitir Rósa Hauksdóttir yfiriðjupjálfi upplýsingar í síma 525-1862, netfang rosah@landspitali.is

Fyrir bestu stellingarnar



Horft á sjónvarp
Unnið



Morgunmatur



Slökun



Lesið



Sofið



Stillanlegir rúmbotnar með fjaðrandi viðarrimum hljóta að teljast toppurinn hvað varðar þægindi.

Komdu og leggðu þig!

www.lystadun.is

AUK 997-1-580 sía.is

VERSLUNIN

LYSTADÚN
SNÆLAND

SKÚTUVOGI 11
SÍMI 563 - 6363

Iðjubjálfun fyrir alla

– til hamingju iðjubjálfar!



Kristin Sigursveinsdóttir,
formaður Iðjubjálfafélags
Íslands

Aldarfjórðungur er liðinn frá stofnun Iðjubjálfafélags Íslands. En það var hinn 4. mars 1976 sem félagið var formlega stofnað eftir nokkurn undirbúning ötulla frumkvöðla fagsins. Stofnfélagar voru tíu talsins. Nú 25 árum síðar eru félagar um 145, þar af 35 með nemendaaðild. Saga iðjubjálfunar hér á landi er ekki löng. En hún einkennist af eldmóði hugsjónafólks sem sáu í faginu möguleika sem íslenskt samfélag þyrfti að njóta góðs af.

Félagar í IPÍ hafa unnið að ýmsum brýnum málum sem varða fag og stétt og þátttaka í starfi félagsins hefur alltaf verið almenn og öflug. Árangurinn hefur bæði verið ríkulegur og margvíslegur og í raun er með ólíkindum að svo fámennt félag hafi geti haldið úti jafn metnaðarfullu og vönduðu starfi og IPÍ hefur gert. Árangur félagsins er uppskera samvinnu og byggir á óeigingjörnu starfi margra félagsmanna sem með dugnaði og metnaði leggja ótrúlega mikið af mörkum til að vinna félagi sínu og fagi gagn.

Íslensk námsbraut – iðjubjálfum fjölgar

Skortur á iðjubjálfum hefur frá upphafi staðið eðlilegri þróun fagsins fyrir þrifum og stöndum við töluvert að baki nágrannaþjóðum okkar hvað það varðar. Menntun sína hafa íslenskir iðjubjálfar hingað til þurft að sækja til annarra landa og meðal annars af þeirri ástæðu hefur nýliðun í faginu verið of hæg. Með stofnun iðjubjálfunarbrautar við Háskólann á Akureyri árið 1997 var langþráðum áfanga náð. Stofnun námsbrautar hafði verið baráttumál Iðjubjálfafélags Íslands frá upphafi eða í 20 ár. Fullyrða má að tilurð námsbrautarinnar er ekki síst að þakka fjölmörgum iðjubjálfum sem lagt hafa af mörkum ómælda hugsjóna- og sjálfbæðavinnu. Nú í vor útskrifast fyrstu 15 nemarnir frá námsbrautinni og árlega megum við vænta um 15 nýrra iðjubjálfa til starfa. Vonandi lagast ástandið eitt-hvað við þessa ánægjulegu viðbót en hins vegar mun taka langan tíma að metta markað-

inn. Ástæða þess að iðjubjálfar hafa lagt metnað og vinnu í að kynna iðjubjálfun er því hreint ekki sú að okkur skorti verkefni, síður en svo. Okkur ber hins vegar að kynna möguleika fagsins og vekja athygli á því ef við teljum að eitthvað megi betur fara í heilbrigðisþjónustunni og annars staðar þar sem fagþekking iðjubjálfa kemur að gagni.

Takmarkað aðgengi að iðjubjálfun

Frá stofnun félagsins hafa iðjubjálfar kynnt þjónustu sína og sérþekkingu og reynt að beita sér fyrir því að sem flestir landsmenn hafi aðgang að iðjubjálfun þegar þörf krefur. Um

Í Heilbrigðisáætlun til 2010 er lögð meiri áhersla á forvarnir og endurhæfingu en áður hefur sést.

langt árabíl störfuðu iðjubjálfar nær eingöngu á sjúkrahúsum og endurhæfingarstöðvum. En síðari ár hafa þeir í auknum mæli farið til starfa utan hefðbundinna sjúkrastofnana t.d. hjá félags- og skólaþjónustu sveitarfélaga. Iðjubjálfar sækja um störf sem tengjast stjórnsýslu og hjá einkafyrirtækjum. Margir fara í störf sem ekki er sérstök hefð fyrir að iðjubjálfar sinni. Allt eru þetta mikilvæg lóð á vogarskál fagsins og kynning á möguleikum iðjubjálfunar fyrir einstaklinga og samfélagið allt. Heilsu-efling, forvarnir, hæfing og endurhæfing eru meginviðfangsefni iðjubjálfa. Því er sérlega mikilvægt að kraftar okkar nýtist ekki einungis inni á sjúkrahúsum, heldur einnig þar sem hægt er að koma í veg fyrir að til varanlegs skaða komi. Ennfremur til að aðstoða fólk í sinni daglegu iðju með því að draga úr áhrifum fötlunar, veikinda eða slysa. Í Heilbrigðisáætlun til 2010 er lögð meiri áhersla á forvarnir og endurhæfingu en áður hefur sést. Vonandi fer þess brátt að sjá stað sem víðast í samfélaginu það er, í heilbrigðiskerfi, félagsþjónustu, skólum og leikskólum og raunar hvar sem því verður við komið.

Að stjórna aðgengi og eftirspurn

Ýmsir þættir hafa áhrif á framboð og eftirspurn eftir þjónustu eins og þeirri sem iðjupjálfar veita. Stjórnvöld stýra til dæmis aðgengi að þjónustunni meðal annars með því að semja um þjónustukaup við sumar fagstéttir en ekki aðrar. Munur á samkeppnisstöðu sjúkraþjálfara og iðjupjálfra eða geðlækna og sálfræðinga eru góð dæmi um þetta. Þannig getur Gunna farið til sjúkraþjálfara á stofu niður í bæ og fær til þess styrk frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) en Jón er ekki eins heppinn því hann er í þörf fyrir iðjupjálfun og hana fær hann tæpast nema leggjast inn á sjúkrahús eða greiða hana fullu verði. Rök hafa verið færð fyrir því að reglur TR um að greiða fyrir sjúkraþjálfun en ekki iðjupjálfun valdi því meðal annars að sjúkrahús vilji frekar ráða til sín sjúkraþjálfara en iðjupjálfra þar sem sjúkrahúsið getur rukkað TR fyrir hluta af kostnaði við sjúkraþjálfun. Það er réttlætismál að almenningur geti fengið samsvarandi niðurgreiðslu á kostnaði við iðjupjálfun og til dæmis sjúkraþjálfun. Með samningi TR við iðjupjálfra myndi skapast rekstrargrundvöllur fyrir iðjupjálfunarstofur og þannig yrði aðgengi almennings að slíkri þjónustu stóraukið.

Iðjupjálfun í heilsugæslu – lögbundin þjónusta

Aðgengi að þjónustu iðjupjálfra ætti samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97 frá 1990 (gr. 19.1) að vera tryggt með því að heilsugæslustöðvum er skylt að veita eða tryggja þjónustuna. Þetta er næstum óþekkt hér á landi og heilsugæslan virðist ekki einu sinni reyna að útvega fólki iðjupjálfun. Stór landsvæði eru því án slíkrar þjónustu og þurfa til dæmis börn utan af landi að sækja iðjupjálfun hjá Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í Reykjavík. Biðtíminn eftir iðjupjálfun hjá ÆSLF er um eitt og hálf ár. Það er langur tími í lífi barns.

Félagið hefur um langt skeið unnið að því að kynna möguleika iðjupjálfunar innan heilsugæslu og reynt að þoka því áfram innan stjórnerfinsins að iðjupjálfar verði ráðnir til heilsugæslustöðva. Reynslan af tilraunaverkefni um iðjupjálfun í heilsugæslu sem og niðurstöður matshóps er mat árangur verkefnisins mæla líka eindregið með því að heilsu-

gæslustöðvar sinni því lögboðna hlutverki sínu að bjóða upp á þjónustu iðjupjálfra.

Iðjupjálfrar vilja aukna samvinnu við yfirvöld

Af viðbrögðum ráðamanna t.d. innan heilsugæslu, félagsþjónustu og skólakerfis er okkur ljóst að hluti af skýringunni á því af hverju iðjupjálfun er ekki ofar á forgangslista er óljós vitneskja um eðli þjónustunnar. Brýnt er að kynna betur hvað iðjupjálfrar gera og geta gert á hinum ýmsu stigum heilbrigðis- og félagsþjónustu og að borgararnir eiga lögum samkvæmt að hafa aðgang að iðjupjálfun í tengslum við sína heilsugæslustöð. Iðjupjálfafélagið hefur gegnum tíðina unnið slíkt kynningarstarf eftir

Iðjupjálfafélag Íslands er fúst til samstarfs við heilbrigðisyfirvöld og önnur stjórnvöld um hvaðeina sem til framfara getur talist fyrir heilbrigði á Íslandi.

föngum. Nauðsynlegt er að hefja markvisst kynningarstarf til dæmis innan heilsugæslunnar og hljótum við að kalla eftir því að heilbrigðisyfirvöld taki virkan þátt.

Iðjupjálfafélag Íslands er fúst til samstarfs við heilbrigðisyfirvöld og önnur stjórnvöld um hvaðeina sem til framfara getur talist fyrir heilbrigði á Íslandi. Við teljum það hins vegar ekki vera okkar einkamál hvort farið er eftir lögum til dæmis lögum um heilbrigðisþjónustu. Að tryggja jafnan aðgang þegnanna að þjónustu er sömuleiðis verkefni sem við getum ekki leyst í okkar ranni. Vilji og áhugi yfirvalda er nauðsynlegur og eðlileg forsenda þess að þessi mál verði færð til betri vegar.

Með von um að allir landsmenn fái aðgang að þjónustu iðjupjálfra í framtíðinni.

Kristín Sigursveinsdóttir

FAGHÓPUR UM IÐJUPJÁLFUN BARNNA

Undan farin ár hafa iðjupjálfrar sem vinna með börnum starfrækt faghóp um iðjupjálfun barna. Faghópurinn hefur hist reglulega, miðlað þekkingu og unnið að ýmsum verkefnum. Í vetur hafa fundir verið haldnir að jafnaði annan miðvikudag hvers mánaðar yfir vetrartímann. Fundartímar munu þó breytast með komandi hausti. Faghópurinn er opinn öllum iðjupjálfum og iðjupjálfanemum á Íslandi sem áhuga hafa á iðjupjálfun barna. Í dag eru 26 iðjupjálfrar af öllu landinu skráðir í hópinn. Tveir iðjupjálfrar eru valdir í framkvæmdanefnd sem sjá um að boða til funda og halda utan um skipulag. Markmið faghópsins er að miðla þekkingu um barnaiðjupjálfun innan hópsins sem utan. Faghópurinn hefur leitast við að halda fundina á mismunandi vinnustöðum með það að markmiði að kynnast öðrum stöðum þar sem boðið er upp á iðjupjálfun barna. Viðkomandi iðjupjálfi hefur þá sagt frá starfi sínu og skipulagi íhlutunar. Einnig höfum við leitast við að kynna okkur aðra staði þar sem unnið er með börn. Þá hefur efni fundanna verið fjölbreytt. Í vetur hefur verið fjallað mikið um mismunandi matstæki. Við höfum rætt reynslu okkar af nýjum matstækjum, t.d. „School Function Assessment“ og önnur hafa verið kynnt til sögunnar. Einnig hefur hópurinn unnið töluvert með þýðingar á matstækjum og sem dæmi má nefna var unninn spurningarlisti sem notaður er til að meta færni barna við daglega iðju.

Í dag eru í framkvæmdanefnd Sigríður O. Guðjónsdóttir iðjupjálfi á Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra og Erla B. Sveinbjörnsdóttir iðjupjálfi á Skólaskrifstofu Seltjarnarness. Allir þeir sem áhuga hafa á að vera með í faghópnum eða fræðast nánar um okkar störf geta haft samband við Sirru, netfang: idja@slf.is eða Erlu, netfang: erlasv@seltjarnarnes.is

Aðalfundur Iðjubjálfafélags Íslands

Þann 10. mars síðast liðinn var haldinn 25. aðalfundur IPÍ. Fundurinn fór fram á Kornhlöðuloftinu í Bankastræti og var vel sóttur. Dagskrá var hefðbundin og mörg mál lágu fyrir til afgreiðslu meðal annars tillögur um siðareglur iðjubjálfa á Íslandi.

Kristín Sigursveinsdóttir formaður setti fundinn og kynnti Sigrúnu Garðarsdóttur fundarstjóra til leiks. Sigrún bauð fundarmenn velkomna, greindi frá dagskrá og minntist 25 ára afmælis félagsins sem er nú í ár. Formaður flutti skýrslu stjórnar. Greint var frá því helsta í starfi stjórnar frá því á síðasta aðalfundi í mars 1999. Kristín lagði áherslu á það mikla starf sem unnið er í félaginu og að það væri oft á höndum fárra félagsmanna.

Upplýsingamiðlun

Kristín nefndi að miðlun upplýsinga innan félagsins hefði breyst verulega á síðustu árum. Nú færi heilmikið samstarf stjórnar og nefnda gegnum netið auk þess sem síma- og fjarfundir væru nýttir óspart. Ennfremur var ráðist í það verk að gefa út handbók fyrir stjórn og nefndarfulltrúa. Þar er að finna upplýsingar og leiðbeiningar um verkferli í félags-

starfi IPÍ. Vinnuaðstaða hefur verið bætt til muna með tilkomu skrifstofuaðstöðunnar í Lágmúla og nú væri kominn tími til að íhuga alvarlega að ráða starfsmann til almennra skrifstofustarfa fyrir félagið. Kristín nefndi einnig að þrátt fyrir nýjustu fundatækni þá væri það ófullnægjandi til lengdar fyrir formann að geta ekki komið oftar suður til að sinna verkefnum fyrir félagið. Slíkt hefði þó í för með sér aukinn kostnað fyrir félagið.

Siðareglur

Í skýrslu stjórnar greindi Kristín einnig frá því að nú lægi fyrir tillaga að siðareglum Iðjubjálfafélags Íslands. Þetta væri einstaklega gleðilegt þar sem IPÍ er 25 ára í ár. Áhugaþópur um siðareglur hefði unnið ötullega að því að móta þessa tillögu og það væri í rauninni þrekvirkni á svo skömmum tíma. Hún lagði áherslu á að það væri mikið framfara- og þróunarskref sem tekið yrði með tilkomu siðareglna. Að lokum nefndi Kristín að árið 2001 væri tímamótaár í sögu iðjubjálfunar hér á landi. Auk þess sem IPÍ hefur verið til í aldarfjórðung þá væru fyrstu iðjubjálfa-nemarnir að útskrifast frá Háskólanum á Akureyri nú í júní. Einnig væri það mikill viðburður að haldin yrði ráðstefna um iðjubjálfun



Hope Knútsson heiðursfélagi IPÍ



Kristín Sigursveinsdóttir flytur skýrslu stjórnar

í íslensku samfélagi á Akureyri dagana 7. og 8. júní, fyrsta íslenska ráðstefnan af þessu tagi en alveg örugglega ekki sú síðasta. Ráðstefnan er samstarfsverkefni IPÍ og Heilbrigðisdeildar HA.

Hefðbundin aðalfundarstörf

Að lokinni skýrslu stjórnar var gengið til hefðbundinna aðalfundarstarfa. Áritaðir ársreikningar voru lagðir fram og samþykktir. Því næst var boðið upp á umræður um skýrslur fastra nefnda. Tillögur um siðareglur voru kynntar og stiklað á stóru um starf áhugahópsins sem að þeim stóðu. Gert er ráð fyrir að stjórn skipi siðanefnd og verkefni hennar verði einkum það að móta starfsreglur og geri tillögu að framtíðarskipulagi. Nokkrar fyrirspurnir komu frá fundarmönnum en tillögurnar voru síðan samþykktar. Þær lagabreytingatillögur sem lágu fyrir á fundinum voru kynntar af fundarstjóra og samþykktar. Ennfremur lágu fyrir tillögur um breytingar á starfsreglum Fræðslusjóðs og voru þær samþykktar af fundinum. Kosningar í stjórn og nefndir voru næstar á dagskrá. Uppstillingarnefnd skipuð reyndum iðjupjálfun hafði unnið kröftuglega að því að manna stjórn og nefndir. Bára Sigðurðardóttir kynnti þau framboð sem borist höfðu. Ljóst var að fólk vantaði í stjórn félagsins sem og kjaranefnd. Framboð bárust ekki á fundinum sjálfum. Samþykkt var að stjórn mætti kalla til þá fulltrúa sem vantar á milli aðalfunda. Fundarstjóri kynnti þar á eftir skipan í stjórnir Vísindasjóðs og Fræðslusjóðs.

Félagsgjöld

Stjórn IPÍ kynnti tillögu um breytingu á árgjaldi félagsmanna. Lagt var til að félagar með fulla aðild greiði 1,5% af dagvinnulaunum í félagsgjöld og þetta verði dregið af launum mánaðarlega. Brugðið var upp á skjávarpa nokkrum dæmum um hvað félagar væru þá að greiða og færð rök fyrir því. Nefnd voru hliðstæð dæmi hjá öðrum fagstéttarfélögum. Lagt var til að breytingin tæki gildi 1. september 2001. Aðild að IPÍ yrði þrenns konar, þ.e. full aðild, fagaðild og nemendaaðild. Tillaga stjórnar var samþykkt. Undir dagskrárliðnum önnur mál kynnti Rósa Hauksdóttir fráfarandi kjaranefndarfulltrúi stöðu mála í kjarasamningaviðræðum. Pistil frá kjaranefnd er að finna hér í blaðinu. Berglind Bára Bjarnadóttir fulltrúi í fræðslunefnd kynnti fyrirhugað AMPS námskeið sem haldið verður í lok ágúst. Skráningarfrestur á námskeiðið rennur út 1. júní næst komandi.

Heiðursfélagi

Að lokinni dagskrá tók Kristín formaður til máls. Hún kynnti þá ákvörðun stjórnar að gera Hope Knútsson fyrrverandi formann að heiðursfélagi í IPÍ. Kristín þakkaði Hope vel unnin og fórnfús störf í þágu félagsins en hún gegndi formannsembætti frá stofnun þess 1976 allt til ársins 1999. Kristín afhenti Hope heiðursskjal og blómvönd og fundarmenn hylltu nýjan heiðursféлага með kröftugu lófataki.

PL

Fulltrúar í stjórn og nefndum 2001-2003

• Stjórn

Kristín Sigursveinsdóttir formaður, Þóra Leósdóttir, Birgit Schov, Ingibjörg Jónsdóttir, Ragnheiður Lúðvíksdóttir og Sigríður Pétursdóttir varamaður.

• Kjaranefnd

Vala Mörk Jóhannesdóttir, Ólöf Elfa Leifsdóttir og Hafdís Sverrisdóttir.

• Ritnefnd

Björg Þórðardóttir, Guðrún Á. Einarsdóttir, Maren Ó. Sveinbjörnsdóttir og Sigprúður Loftsdóttir.

• Fræðslunefnd

Berglind Bára Bjarnadóttir, Erna Magnúsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Linda Aðalsteinsdóttir og Sif Þórsdóttir.

• Stjórn Vísindasjóðs

Erla Björk Sveinbjörnsdóttir, Hrönn Birgisdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir.

• Stjórn Fræðslusjóðs

Elín Ebba Ásmundsdóttir, Valrós Sigurbjörnsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson.

• Fulltrúi í miðstjórn BHM

Rósa Hauksdóttir (tímabundið)

• Fulltrúar í Heimsambandi iðjupjálfa (WFOT)

Hope Knútson aðalfulltrúi, Lilja Ingvarson 1. varafultrúi og Sigrún Garðarsdóttir 2. varafultrúi.

• Fulltrúar í Iðjupjálfanefnd

Evrópuþjóða (COTEC)

Kristjana Fenger aðalfulltrúi og Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir varafultrúi.

• Fulltrúar í Samtökum

heilbrigðisstétta

Elín Ebba Ásmundsdóttir og Hildur Þráinsdóttir.

• Fulltrúar í Öldrunarráði Íslands

Kristín Einarsdóttir og Ingibjörg Ásgeirsdóttir.

• Skoðunarmenn reikninga

Gerður Gústavsdóttir og Lilja Ingvarsson.

Hlutverk Íslendinga,

gildi þeirra og hversu oft þeir gegna þeim



KRISTJANA FENGER

Tilgangur þessarar rannsóknar var að fá mynd af því hversu oft Íslendingar gegna tíu hlutverkum og hvert gildi þess er að vera virkur í þeim. Rannsóknin náði til 149 Íslendinga, 18 til 75 ára, sem fengust með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Spurningalisti Oakley (1984) um hlutverk var aðlagður að rannsókninni og póstsendur. Þar var spurt um tíðni þátttakenda í tíu hlutverkum og gildi þeirra í fortíð, nútíð og framtíð. Hlutverkin voru: Nemandi, starfsmaður, sjálfbóðaliði, umannandi, heimilishaldari, vinur, fjölskyldumeðlimur, þátttakandi í trúarstarfi, þátttakandi í tómstundastarfi og þátttakandi í félagsstarfi, auk þess sem fólki var gefinn kostur á að gefa upp annað hlutverk. Hlutfallsreikningur, meðaltöl og staðalfrávik lýstu tíðni í hlutverkum og gildi þeirra. Niðurstöður bentu til þess að hlutfallslega flestir gegndu hlutverkum starfsmanns, fjölskyldumeðlims og heimilishaldara mjög oft eða daglega og þessum sömu hlutverkum var að meðaltali gegnt hvað oftast. Ef gildi er skoðað, fannst hlutfallslega flestum virkni í hlutverki starfsmanns, fjölskyldumeðlims og umannanda skipta frekar miklu eða mjög miklu máli. Þetta voru einnig þau hlutverk sem höfðu mest gildi að meðaltali. Þannig fara tíðni og gildi að nokkru leyti saman en ekki öllu.

• **Lykilhugtök:** Lýsandi rannsókn, íslenskt samfélag, iðja, iðjupjálfun. Iðjupjálfar efla skjólstæðinga sína til iðju í ýmsum hlutverkum.

Þau mótast af félagslegu umhverfi og því eru væntingar um að gegna ákveðnum hlutverkum og að sýna ákveðna hegðun í sérhverju þeirra menningarbundnar og hafa ákveðinn staðal (Kielhofner, 1995, Sabina og Allen, 1968). Vænta má þess að iðjupjálfar sem þekkja til þess hvaða hlutverkum er mest gegnt í samfélaginu og hvaða gildi það hefur að gegna þeim séu betur í stakk búnir til að mæta skjólstæðingum sínum á þeirra forsendum og efla þá til virkni í þeim hlutverkum sem þeim eru mikilvæg. Markmið

þessarar rannsóknar var að fá mynd af því hvaða hlutverkum Íslendingar gegna mest bæði hlutfallslega og eins hve oft að meðaltali, einnig að fá mynd af því hve mikilvæg virkni í hlutverkunum var þeim, bæði hlutfallsleg dreifing gildis og meðaltal. Tvær rannsóknarspurningar voru settar fram.

- Hver er tíðni Íslendinga í tíu hlutverkum, þ.e. nemanda, starfsmanns, sjálfbóðaliða, umannanda, heimilishaldara, vinar, fjölskyldumeðlims, þátttakanda í trúarstarfi, þátttakanda í tómstundastarfi og þátttakanda í félagsstarfi?
- Hvaða gildi hafa þessi tíu hlutverk fyrir Íslendinga?

Hugmyndafræði könnunarinnar

Iðjupjálfar byggja starf sitt og rannsóknir á hugmyndafræði fagsins. Líkanið um iðju mannsins (Kielhofner, 1995) var valið sem starfsumgjörð þessarar rannsóknar þar sem hlutverk og gildi eru tvö af meginhugtökum þess. Líkanið skilgreinir hlutverk sem sterka innri vitund um félagslega stöðu eða ímynd og tilheyrandi skyldur. Vegna þessarar vitundar bregst maður við og hegðar sér á viðeigandi hátt miðað við aðstæður (Kielhofner, 1995). Tíðni í hlutverkum eru þau skipti á dag, viku, mánuði eða á ári sem einstaklingur gegnir eða iðjar í tilteknu hlutverki. Gildi eru talin hafa áhrif á val, trú og fylgni við málstað. Allt frá æsku á fólk í samskiptum innan menningar þar sem ákveðin gildi ríkja. Þessi gildi segja til um hvað er gott, rétt og mikilvægt og þjóna þeim tilgangi að leiða gjörðir manna. Sterkar tilfinningar tengjast gildum fólks og upplifun þess af umhverfinu. Ef fólk hegðar sér gegn eigin gildum, þá finnur það fyrir sektarkennd og finnst að því hafi mistekist. Á sama hátt dæmir það gjörðir annarra (Kielhofner og Forsyth, 1997).

Mat á hlutverkum – Hlutverkalistinn

Um leið og hugtakið hlutverk fékk aukið gildi innan iðjupjálfunarfræða lögðu sumir hugmyndasmiðir meðal iðjupjálfa til flokkunarfræði um efnið (Reilly, 1969, Kielhofner og

Burk, 1985, Levine og Brayley, 1991, Trombly, 1993, 1995, Kielhofner, 1995, Christiansen og Baum, 1997). Í kjölfar þess þróðu iðjupjálfar verkfæri til að safna upplýsingum um hlutverk skjólstæðinga sinna. Af þeim hefur Hlutverkalistinn eða Role Checklist sem Oakley (1984) þróaði innan líkansins um iðju mannsins, verið mest vísindalega prófaður og notaður í rannsóknum (Dickerson, 1999). Hann var því valinn sem tæki til að safna gögnum í þessari rannsókn.

Listinn sem var þróaður í Bandaríkjunum er skriflegt persónumat (self report) og hæfir öllum skjólstæðingum nema börnum (Kielhofner, 1995). Hann er í tveimur hlutum, í þeim fyrri er skjólstæðingur beðinn um að velja fyrir sér tíu hlutverkum og segja til um hvort hann hafi gegnt þeim í fortíð, gegni þeim nú eða hugsi sér að gegna þeim í framtíðinni. Hlutverkin eru: Nemandi, starfsmaður, sjálfbóaliði, umannandi, heimilishaldari, vinur, fjölskyldumeðlimur, þátttakandi í trúarstarfi, þátttakandi í tómstundastarfi og þátttakandi í félagsstarfi. Þau eru öll skilgreind í Hlutverkalistanum (sjá 1. viðauka). Tíð er einnig skilgreind (sjá 2. viðauka). Í öðrum hluta er spurt um gildi hlutverkanna á þriggja þrepa kvarða. Leiðbeiningar um fyrirlögn eru staðlaðar (Barris, Oakley og Kielhofner, 1988, Dickerson, 1999).

Rannsóknir á áreiðanleika og réttmæti listans voru flestar í þróunarfasa matstækisins. Innihaldsréttmæti fékkst með heimildaleit og áliti sérfræðinga innan fagsins. Í kjölfar þess voru öll hlutverkin skilgreind. Forprófun á áreiðanleika matsmanna sýndi 82% samsvörun milli tveggja prófanna með tveggja vikna millibili hjá úrtaki 17 iðjupjálfanema. Einnig var listinn forprófaður hjá innliggjandi skjólstæðingum með geðræna sjúkdóma þar sem fram kom að ekki væri nægilegt að spyrja um tíðni. Einnig þyrfti að spyrja um gildi hlutverka og í framhaldi af því var hluta tvö bætt við matstækið (Oakley, Kielhofner, Barris og Reichler, 1986).

Áreiðanleiki hlutverkalistans hefur verið prófaður í þremur rannsóknum með 1–8 vikna millibili. Áreiðanleiki endurtekinnna mælinga matsmanns var prófaður hjá breiðum hópi 124 fullorðinna (Oakley, Kielhofner, Barris og

Reichler, 1986), hjá 39 þunglyndum unglingum á bráðaspítala (Pezzulli 1988) og 68 heilbrigðum einstaklingum (Dickerson, 1999). Túlkun niðurstaðna byggir á leiðbeiningum Landis og Koch (1977) um túlkun „Kappa“ tölfræði. Niðurstöður fyrstu rannsóknar sýndu að Kappa fyrir tíðni í sérhverju hlutverki á ákveðnu tímabili fortíð, nútíð eða framtíð var á bilinu lélegt (0.00–0.20) til því sem næst fullkomið (0.81–1.00), flest hlutverk með annað hvort í meðallagi (0.41–0.60) eða talsvert mikla samsvörun (0.61–0.80) en gildi hafði í meðallagi samsvörun. Í

Líkanið skilgreinir hlutverk sem sterka innri vitund um félagslega stöðu eða ímynd og tilheyrandi skyldur. Vegna þessarar vitundar bregst maður við og hegðar sér á viðeigandi hátt miðað við aðstæður.

annarri rannsókninni mældist áreiðanleiki í tíðni allra hlutverkanna sæmilegur (0.21–0.40) eða meiri. Flest hlutverkin mældust með áreiðanleika í meðallagi, nema hlutverk nemenda sem var minna. Kappa fyrir gildi hlutverka var sæmilegt eða meira, flest með áreiðanleika í meðallagi. Síðasta prófun á áreiðanleika sýndi sæmilegt, til því sem næst fullkomið samræmi, en samræmi í meðallagi milli matsmanna og reyndist vera á bilinu 73% til 93%. Samanburður á tíðni hlutverka

Það skiptir Íslendinga miklu máli að hafa vinnu og vinnusiðferði þeirra er sterkt. Þeir trúa því meir en aðrar þjóðir að það að leggja að sér í vinnu geti af sér betri lífsgæði og hærri stöðu í þjóðfélaginu.

milli hópa sem fengu skriflegar leiðbeiningar annars vegar og munnlegar leiðbeiningar hins vegar, sýndi að samsvörun var í meðallagi til þess að vera nánast fullkomin fyrir báða hópa. Samanburður gildis fyrir sömu hópa sýndi að samsvörun var frá því að vera léleg til þess að vera talsvert mikil. Samtímaréttmæti mældist frá sæmilegu til fullkomins samræmis, flest á bilinu í meðallagi til mjög mikils samræmis (Dickerson, 1999). Hlutverkalistinn hefur verið notaður í fjölda rannsókna m.a. til að meta breytingar á hlutverkabundinni iðju, meta gildi hlutverka svo skilja megi

hug og væntingar skjólstæðinga til framtíðarinnar og eigin lífshamingju (Kielhofner, 1995).

Hlutverk á Íslandi

Skilgreiningar á hlutverkum í íslenskum heimildum eru í sumum tilfellum lítið eitt frábrugðnar skilgreiningum hlutverkalistans, en við umfjöllun hlutverka á Íslandi og gildi þeirra var efni skipulagt í samræmi við niðurröðun hlutverkanna tíu á hlutverkalista Oakley (1984).

• **Nemandi (student).** Tólf prósent Íslendinga á aldrinum 16 ára til 75 ára gegndu hlutverki nemanda (Stefáns Ólafssonar, 1990). Tæplega helmingur nemenda gegndi starfi jafnhliða námi með 20.5 stunda meðalvinnuviku (Hagstofa Íslands, 1997). Engar heimildir fundust um hve oft hlutverkinu var gegnt að meðaltali né gildi þess að gegna því.

• **Starfsmaður (worker).** Atvinnuþátttaka Íslendinga 16 til 74 ára var á bilinu 81 til 88% Hún hefur jákvæða fylgni við menntun, er mest meðal háskólamenntaðra manna en minnst hjá þeim sem voru eingöngu með grunnmenntun. Atvinnuþátttaka var meiri utan höfuðborgarsvæðisins en á höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands, 1998, 2000). Meðalfjöldi vinnustunda var 43,3 klukkustundir hjá öllum sem voru starfandi, en hærri ef eingöngu var horft til þeirra sem voru í fullu starfi. Karlar unnu mun meir en konur. Þeir sem voru ánægðir með fjölda vinnustunda voru 57%, fleiri konur en karlar, en 36% vildu vinna færri stundir en 7% vildu vinna fleiri. Þrír af hverjum fjórum sem unnu 55 stundir eða meira á viku fannst vinnuvikan of löng (Stefán Ólafsson, 1990). Eldra fólk á Íslandi virðist finnast mjög mikilvægt að vinna (Pétur Pétursson, 1983). Það skiptir Íslendinga miklu máli að hafa vinnu og vinnusiðferði þeirra er sterkt. Þeir trúa því meir en aðrar þjóðir að það að leggja að sér í vinnu geti af sér betri lífsgæði og hærri stöðu í þjóðfélaginu (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991).

• **Sjálfbóaliði (volunteer).** Um fjórðungur Íslendinga segjast vinna ólaunað sjálfbóðastarf fyrir góðgerðarsamtök, líknarfélag eða þjónustuklúbba svo sem Lions, Rotary, Junior Chamber of Commerce, Soroptimista, Kiwanis eða Odd Fellows, en aðeins 4.8% sögðust vera virkir félags-

menn. Nærri 40% vinna fyrir íþróttafélög (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991). Um 14% Íslendinga voru meðlimir góðgerðarsamtaka og stjórnmálasamtaka, en vinnan er ekki unnin á reglulegum grunni. Bæði kynin virðast leggja svipað af mörkum, yngri fremur en eldri, giftir frekar en aðrir og vel menntaðir síður en minna menntaðir (Stefán Ólafsson, 1990). Meginástæðan fyrir þátttöku í sjálfböðastarfi er lífsviðhorfið eða gildismatið, það felur í sér að persónulegt verðmætamat ráði mestu um þá staðreynd að fólk tekur að sér sjálfböðastörf. Næst kemur þörf á skilningi, þ.e. að kynnast aðstæðum annarra. Þá kemur sjálfsvirðing eða þörfin á að bæta eigið sjálfsmat. Fjórði veigamesti þátturinn, félagsleg þörf, felur í sér þörf á félagslegri viðurkenningu, því að mæta væntingum í nánasta umhverfi (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997). Engar heimildir fundust um það hve miklu máli það skipti að vera virkur í hlutverkinu.

- **Umannandi (caregiver).** Af einstaklingum 18 til 75 ára voru 32% sem bjuggu með maka og áttu börn undir 12 ára aldri og 3% voru einstæðir foreldrar með börn á þessum aldri. Þegar börnin urðu veik, þá var móðirin heima í 50% tilfella, en í 26% tilfella sögðust foreldrarnir skiptast á að jöfnu um að vera heima (Stefán Ólafsson, 1990). Engar heimildir fundust um umönnun annarra svo sem foreldra, né frekari heimildir um tíðni í hlutverkinu eða um gildi þess að gegna því.

- **Heimilishaldari (home maintainer).** Skipting Íslendinga á aldrinum 18 til 75 ára eftir tíma sem notaður var til heimilisverka var þannig að 56% þátttakenda eyddu níu tímum eða minna í viku hverri, 6% eyddu 30–39 stundum og 5% eyddu 40 stundum eða fleiri. Hin venjundna skipting heimilisverka milli karla og kvenna var þannig að meðaltími sem karlar notuðu í hlutverkinu á viku voru sex tímar, en konur notuðu 19 tíma. Þegar lagður er saman tíminn sem fer í heimilisstörf og launuð störf þá er lítill munur milli kynjanna. Fólk í fullu starfi notar samtals 65 tíma í hlutverk heimilishaldara. Karlmennt í hlutastarfi nota 62 tíma og konur 58 tíma. Karlmennt vinna lengur en konur í launaðri vinnu, en konur eyða meiri tíma í heimilishald en karlar (Stefán Ólafsson, 1990). Á heimil-

um þar sem aðeins er einn fullorðinn taka börnin meiri þátt í heimilishaldinu en á heimili þar sem tveir fullorðnir eru (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna Sigurðardóttir og Sigurður Grétarsson, 1995). Engar heimildir fundust um gildi hlutverks heimilishaldara.

- **Vinur (friend).** Íslenskar konur áttu í 75% tilfella nána vini utan fjölskyldunnar sem þær treystu fyrir persónulegum mállefnum. Á meðal karlmanna voru það 56% sem áttu slíka vini (Stefán Ólafsson,

Meginástæðan fyrir þátttöku í sjálfböðastarfi er lífsviðhorfið eða gildismatið, það felur í sér að persónulegt verðmætamat ráði mestu um þá staðreynd að fólk tekur að sér sjálfböðastörf.

1990). Í rannsókn um fjölskyldur kom fram að í þeim fjölskyldum þar sem börn voru, heimsóttu tæplega 11% aldrei vini sína, 43,7% heimsóttu vini sína einu sinni eða tvisvar í mánuði og 45,5% heimsóttu vini sína þrisvar eða oftar í mánuði (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna Sigurðardóttir og Sigurður Grétarsson, 1995). Engar frekari tíðnitölur fundust yfir það hve oft fólk gegnir þessu hlutverki né um gildi vinarhlutverksins.

- **Fjölskyldumeðlimur (family member).** Ísland er með stærstu fjölskyldurnar, 2,2 börn á hverja konu í landinu á meðan þau voru 1,6–1,9 árið 1990 á hinum Norðurlöndunum (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna Sigurðardóttir og Sigurður Grétarsson, 1995). Í könnun Stefáns Ólafssonar (1990) kom fram að af þeim sem áttu foreldra á lífi hafði 43% samband við þá daglega eða því sem næst, en helmingur þeirra bjó hjá foreldrum sínum. Þeir sem áttu foreldra á lífi og bjuggu ekki hjá þeim og höfðu daglegt samband voru 14%. Af þeim foreldrum sem börnin bjuggu ekki lengur hjá höfðu 64% þeirra sambandi við börn sín því sem næst daglega. Sjötíu og fjögur prósent þátttakenda höfðu samband við systkini sín einu sinni eða oftar í mánuði (Stefán Ólafsson, 1990). Rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og félaga (1995) segir að 6,9% þátttakenda hafi aldrei heimsótt fjölskyldu sína á síðast liðnum mánuði, þeir sem hafi heimsótt þá einu sinni eða tvisvar á liðnum mánuði hafi verið 28,7% og þeir sem

heimsóttu þrisvar eða oftar voru 64,5%. Fjölskyldan er mikilvægasta stofnun í lífi einstaklinga á Vesturlöndum (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991). Tíðnitölur um gildi þess að gegna þessu hlutverki fundust ekki.

- **Þátttakandi í trúarstarfi (religious participant).** Í könnun Stefáns Ólafssonar (1990) kemur fram að 56% Íslendinga höfðu ekki farið til kirkju síðastliðið ár, nema til athafna eins og fermingar eða giftingar. Í könnunum Björns Björnssonar og Péturs Péturssonar (1990) og Sigrúnar Júlíusdóttur og félaga (1995) kom fram að eingöngu 10% sóttu kirkju einu sinni eða oftar í mánuði. Ekki kom fram gildi þess að gera eitthvað í þessu hlutverki.

- **Þátttakandi í tómstundastarfi (hobbyist/amateur).** Þrátt fyrir að Íslendingar vinna langan vinnudag þá taka þeir þátt í tómstundaiðju og félagslífi og það mjög fjölbreyttu (Stefán Ólafsson, 1990). Engar heimildir fundust um það hve oft og reglulega þessu hlutverki er gegnt. Samkvæmt Friðrik H. Jónssyni og Stefáni Ólafssyni (1991) þá voru yfir 30% þjóðarinnar meðlimir samtaka sem tengjast íþróttum eða tómstundaiðju en samkvæmt Stefáni (1990) þá voru meðlimir í íþrótt- eða ungliðasamtökum 23% og aðeins 7% þeirra mjög virkir (Stefán Ólafsson, 1990). Rúmlega 50% voru ánægðir með þann frítíma sem þeir áttu, 42% fannst hann of lítill og 7% fannst þeir hefðu of mikinn frítíma (Stefán Ólafsson, 1990). Engar heimildir fundust um gildi iðju í þessu hlutverki.

- **Þátttakandi í félagastarfi (participant in organization).** Þetta hlutverk flokkar Stefán Ólafsson (1990) innan frístundaiðju. Hann spyr í könnun sinni í hvaða samtökum eða félögum þátttakendur eru skráðir félagar og um virkni þeirra í hlutverkinu. Sjötíu og eitt prósent þátttakenda voru félagar í verkafélögum eða fagfélagi, 3% voru mjög virkir og 56% voru óvirkir. Meðlimir í íþrótt- og ungliðahreyfingum voru 23% og 7% voru mjög virkir. Meðlimir í góðgerðasamtökum, þjónustuklúbbum eða stjórnmálasamtökum voru 14% og voru flestir þeirra á aldrinum 45–66 ára. Meðlimir foreldrasamtaka eða samtaka eldri borgara voru 13%. Önnur samtök sem voru nefnd voru umhverfissamtök, hverfasamtök, kvennaklúbbar, karlaklúbbar og trúfélög

(Stefán Ólafsson, 1990). Engar heimildir fundust um gildi hlutverksins.

Í könnunum á Íslandi er frístundaiðja og félagslegar athafnir mjög breiður flokkur iðju sem felur í sér alls kyns verk og athafnir sem fólk gerir þegar það á frí frá launuðu starfi. Þetta nær yfir alls kyns áhugamál s.s. handíðir, föndur, áhugamennsku, íþróttir bæði innan og utan-dyra, ferðamennsku, skemmtanir og þátttöku í samtökum og stundum í trúar-athöfnum (Stefán Ólafsson, 1990, Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991). Í íslenskum heimildum er ekki alltaf gerð-ur skýr greinarmunur á milli sjálfböð- starfs og þátttöku í félagsstarfi. Þessi hlutverk eru bæði flokkuð innan tóms- undaiðju og virðist tvær greinar á sama meiði með óskýr mörk á milli. Stefán Ólafsson (1990) flokkar þátttöku í trúar- starfi undir félagslegar athafnir á meðan Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J Grétarsson (1995) flokka þær undir frí- stundaiðju. Á vesturlöndum hafa lengi verið gerðar kannanir á mikilvægi hinna einstöku atriða í lífi fólks (central life- interest studies). Yfirleitt hafa slíkar rannsóknir sýnt að fjölskyldan skipti mestu máli, en vinnan hefur lengst af verið í öðru sæti og þannig var því varið hjá Íslendingum, en þar á eftir koma vinir og kunningjar og síðan frístundir almennt. Í sumum löndum hafa sést merki þess að vinnan hafi farið að skipta lægri sess í lífi fólks og önnur atriði, svo sem frístundalífið, vinir og kunningjar hafi orðið rúmfrekari eða mikilvægari í lífi fólks (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991).

Rannsóknarspurningar

Í rannsókn minni var leitað svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hver er tíðni Íslendinga í tíu hlut- verkum, þ.e. nemanda, starfsmanns, sjálfböðaliða, umannanda, heimilis- haldara, vinar, fjölskyldumeðlims, þátttakanda í trúarstarfi, þátttakanda í tómstundastarfi og þátttakanda í félagsstarfi?
2. Hvaða gildi hafa þessi tíu hlutverk fyrir Íslendinga?

Aðferðarfræði

Þátttakendur

Spurningalisti var sendur 400 einstakl- ingum á aldrinum 18 til 75 ára sem valdir

2. STARFSMAÐUR

Sá sem stundar launaða vinnu, hvort sem um er að ræða, fullt starf eða hlutastar.

	Aldrei	Sjaldan 1-6 sinnum (daga) á ári	Stundum 7-12 sinnum (daga) á ári	Oft 2-4 sinnum; (daga) í mánuði	Mjög oft 2-4 sinnum (daga) í viku	Daglega 5-7 sinnum (daga) í viku
a. Hve sjaldan eða oft gegndir þú þessu hlutverki í <u>fortíðinni</u> ?	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 6
b. Hve sjaldan eða oft gegnir þú þessu hlutverki nú (í <u>nútiðinni</u>)?	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 6
c. Hve sjaldan eða oft heldur þú að þú komir til með að gegna þessu hlutverki í <u>framíðinni</u> ?	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 6

1. mynd: Dæmi úr spurningalista þar sem spurt er um tíðni.

7. FJÖLSKYLDUMEÐLIMUR

Sá sem ver tíma sínum eða gerir eitthvað með einhverjum úr fjölskyldunni til dæmis barni, maka eða foreldri.


	Ekkert	Frekar lítið	Í meðal- lagi	Frekar mikið	Mjög mikið
a. Hve mikið eða lítið gildi hafði þetta hlutverk fyrir þig í <u>fortíðinni</u> ?	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
b. Hve mikið eða lítið gildi hefur þetta hlutverk fyrir þig nú (í <u>nútiðinni</u>)?	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
c. Hve mikið eða lítið gildi átt þú von á að þetta hlutverk hafi fyrir þig í <u>framíðinni</u> ?	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

2. mynd: Dæmi úr spurningalista þar sem spurt er um gildi.

voru af handahófi úr þjóðskrá Íslend- inga. Eitthundrað og sextíu spurninga- listar bárust þ.e.a.s. 40% útsendra lista. Nothæfir listar voru 149 þ.e.a.s. 37.25% útsendra lista. Ellefu listar voru ónot- hæfir, flestir vegna þess að viðtakendur voru fluttir af landi brott, nokkrir vegna galla í prentun eða svörun var ábótavant.

Aðferðir

Hlutverkalisti Oakley (1984) var aðlagð- ur að rannsókninni. Eftirfarandi breyt- ingar voru gerðar: (a) lítillgar innihalds- og orðalagsbreytingar á skilgreiningum hlutverkanna til að mæta menningarmun og ólíkri máluppbyggingu íslensku og ensku, auk þess sem tímatenging tekin út úr skilgreiningunum, þar sem mæla átti sérstaklega þann þátt, (b) sex þrepa raðkvarða var bætt við til að mæla tíðni í hlutverkum, þannig að magnbinda mætti



3. mynd: Hlutfall þeirra sem gegndu hlutverki mjög oft eða daglega í nútíð samanborið við hlutfall þeirra sem fannst virkni í hlutverkinu hafa frekar eða mjög mikið gildi.

mælingar (Watson og Anger, 1991), sjá 1. mynd, (c) fimm þrepa raðkvarða var bætt við til að mæla gildi í hlutverkum þannig að magnbinda mætti gögnin varðandi gildi (Watson og Anger, 1991), sjá 2. mynd, (d) bætt var við tímaflokkanum (þátíð, nútíð og framtíð) í kaflanum sem mælir gildi þannig að hægt væri að skoða breytingar sem ættu sér stað á gildi þess að gera eitthvað í hlutverki á mismunandi tímaskeiðum (Kielhofner og Burk, 1985, p.18), og (e) skilgreiningum á fortíð, nútíð og framtíð var breytt til að rökhyggja tíðniskalans væri raunhæf í öllum hlutverkunum.

Allar breytingar voru bornar undir fagráðshóp iðjubjálfa. Hinn upprunalegi hlutverkalisti í þýðingu rannsóknarmanns og starfsfélaga hans hafði verið notaður í nokkur ár. Aðlagði hlutverkalistinn var búinn til bæði á ensku og íslensku og íslenska þýðingin þýdd aftur yfir á ensku af fagmanni og ensku útgáfurmar bornar saman af sérfræðingum til að innihaldsréttmæti listans mætti halda sér á milli tungumála. Spurningalisti könnunarinnar var í þremur hlutum, sá fyrsti spurði um lýðfræðilegar upplýsingar, alls 12 breytur, annar um tíðni í hlutverkum, alls 30 breytur og sá þriðji um gildi hlutverka, alls 30 breytur. Listinn var forþröfaður á 16 einstaklingum, 8 konum og 8 körlum með ólíkan félagslegan bakgrunn og á aldursbilinu 19 til 73 ára. Í kjölfar þess voru gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar á honum.

Við rannsóknarsnið þar sem sjálfsmat (self report) er notað, er hætt á að þátttakendur bregðist við samkvæmt því sem þeir telja félagslega æskilegt eða fegri svör sín. Þessi tilhneiging getur dregið úr nákvæmni upplýsinga (Moskowitz, 1986). Með því að hafa spurningalistann nafnlausan var vonast til að fá heiðarlegri svör.

Við alla gagnaúrvinnslu var notaður hugbúnaðurinn „Statistical Package of Social Sciences (SPSS)“. Lýsandi tölfræði svo sem tíðnitöflur, meðaltöl, staðalfrávik og tengslatöflur voru notaðar til að lýsa lýðfræðilegum bakgrunni þátttakenda. Kí-kvaðrat var notað til að reikna út hvort úrtakið endurspeglar þýði allra Íslendinga á aldrinum 18–75 ára varðandi aldur og kyn.

Til að svara fyrri rannsóknarspurningunni „Hver er tíðni Íslendinga í tíu hlut-

verkum, nemandi, starfsmaður, sjálfboðaliði, umannandi, heimilishaldari, vinur, fjölskyldumeðlimur, þátttakandi í trúarstarfi, þátttakandi í tómstundastarfi, þátttakandi í félagsstarfi“, voru gögn úr öðrum hluta spurningalistans notuð? Hlutfallsreikningi var beitt við að skoða hlutfallslega dreifingu þátttakenda eftir tíðni í sérhverju hlutverki í nútíð og tíðni. Meðaltal og staðalfrávik var reiknað út fyrir meðaltal þeirra skipta sem hlutverki var gegnt í fortíð, nútíð og framtíð og meðaltal tíðanna þriggja.

Til að svara annarri rannsóknarspurningunni „Hvert er gildi hlutverkanna tíu“ voru notaðar upplýsingar sem safnað var með þriðja hluta spurningalistans. Hlutfallsreikningi var beitt við að skoða hlutfallslega dreifingu þátttakenda eftir gildi hvers hlutverks í nútíð. Tíðni, meðaltöl og staðalfrávik var reiknað út fyrir hve mikla þýðingu það hafði að stunda þá iðju sem hlutverkinu fylgir í fortíð, nútíð og framtíð og meðaltali tíðanna þriggja. Samkvæmt Labovitz (1970) þá styðja rannsóknir meðhöndlun raðkvarða sem jafnbila kvarða, þrátt fyrir að það geti valdið smá villu því þær aðferðir eru næmari, þróaðri og skýrari í túlkun með þekktri úrtaksvillu (bls. 515).

Niðurstöður

Lýðeinkenni

Gögnin byggja á svörum 149 þátttakendur á aldrinum 18 til 75 ára. Meðalaldur þátttakenda var 41.52 ár með staðalfrávik 17.05 ár. Konur voru 54.1% og karlmenn 45.9%. Til að kanna hvort úrtakið endurspeglar þýði allra Íslendinga á aldrinum 18 til 75 ára með tilliti til

kyns og aldurs var kí-kvaðrati beitt. Niðurstöður sýndu að enginn marktækur munur var á kyndreifing úrtaks og þýðis $c2(1) = 1.11$, $p = .292$. Ekki var heldur marktækur munur á aldursdreifingu úrtaks og þýðisins $c2(1) = 1.42$, $p = .70$.

Tíðni í hlutverkum og gildi þeirra

Tíðni í hlutverkum er skoðuð út frá tveimur sjónarhornum, þ.e. hlutfallslegri dreifingu þátttakenda eftir tíðni í sérhverju hlutverki (1.tafla) og meðaltali þeirra skipta sem hlutverki er gegnt (2.tafla). Ef fyrst er skoðuð hlutfallsleg dreifing þeirra þátttakenda sem gegndu hlutverki mjög oft eða daglega í nútíð má sjá að það voru á bilinu 4,2% til 79,9%. Þau hlutverk sem hlutfallslega flestir gegndu mjög oft eða daglega voru starfsmaður (79,9%), fjölskyldumeðlimur (78,3%) og heimilishaldari (78,2%). Ef litið er á hlutfall þeirra sem gegndu sjaldan eða aldrei hlutverki í nútíð (1. tafla) má sjá að það voru á bilinu 2,1% í hlutverki heimilishaldara til 86,8% í hlutverki þátttakanda í trúarstarfi, en á eftir fylgdu sjálfboðaliði (66,2%) og þátttakandi í félagsstarfi (63,5%) sem sjaldan eða aldrei gegndu hlutverkunum.

Ef horft er til hve oft hverju hlutverki var gegnt að meðaltali (2.tafla) í öllum tíðum má sjá að þremur hlutverkum var gegnt mjög oft eða tvisvar til sjö sinnum í viku og var ekki mikill munur á milli þeirra. Það voru hlutverkin starfsmaður, fjölskyldumeðlimur og heimilishaldari, sömu hlutverk og þau sem gegnt var mjög oft eða daglega af stærsta hlutfalli svarenda. Þeim hlutverkum sem gegnt var að meðaltali tvisvar til fjórum sinn-

Hlutverk	%					
	Aldrei	Sjaldan	Stundum	Oft	Mjög oft	Daglega
Nemandi	29.4	25.4	16.7	7.9	5.6	15.1
Starfsmaður	12.5	2.1	1.4	4.2	14.6	65.3
Sjálfboðaliði	41.9	24.3	14.7	11.8	5.9	1.5
Umannandi	17.0	12.1	8.5	9.9	11.3	41.1
Heimilishaldari	1.4	0.7	8.2	11.6	21.1	57.1
Vinur	2.1	10.3	15.9	33.8	29.0	9.0
Fjölskyldumeðlimur	1.4	2.0	4.8	13.6	25.2	53.1
Þátttakandi í trúarstarfi	52.1	34.7	2.8	6.3	2.8	1.4
Þátttakandi í tómstundastarfi	17.9	17.9	15.2	20.7	18.6	9.7
Þátttakandi í félagsstarfi	49.7	13.8	16.6	14.5	4.1	1.4

1. tafla: Hlutfallsleg dreifing þátttakenda í nútíð eftir tíðni í hlutverkum (N = 149)

um í mánuði voru hlutverkin umannandi og vinur. Þeim hlutverkum sem var sjaldnast gegnt að meðaltali voru þátttakandi í trúarstarfi, þátttakandi í félagsstarfi og sjálfbóðaliði.

Gildi hlutverka var einnig skoðað út frá tveimur sjónarhornum, hlutfallslegri dreifingu þátttakenda eftir hve mikið gildi það hafði að vera virkur í hlutverkinu (3.tafla) og meðaltali þess hve mikla þýðingu það hafði að stunda þá iðju sem hlutverkinu fylgir (4.tafla). Ef fyrst er skoðuð hlutfallsleg dreifing þeirra þátttakenda sem fannst virkni í hlutverkum hafa frekar mikið eða mjög mikið gildi fyrir sig í nútíð (3.tafla) má sjá að þeir voru á bilinu 16,6% í þátttakanda í trúarstarfi til 87,1% í hlutverki fjölskyldumeðlims, en á eftir fylgdu starfsmaður (79,3%) og umannandi (75,3%). Hlutfallsleg dreifing þeirra sem fannst það að iðja í hlutverki hafa ekkert eða frekar lítið gildi fyrir sig var á bilinu 1,4% í hlutverki fjölskyldumeðlims til 71,9% í hlutverki þátttakanda í trúarstarfi. Önnur hlutverk sem höfðu ekkert eða frekar lítið gildi voru sjálfbóðaliði (56,1%) og þátttakandi í félagsstarfi (55,4%).

Ef meðalgildi þess að vera virkur í hlutverkum er skoðað í öllum tímum (4.tafla) má sjá að þau hlutverk sem höfðu frekar mikið gildi voru fjölskyldumeðlimur, starfsmaður, umannandi og vinur. Ef lítið er til þeirra hlutverka sem höfðu frekar lítið gildi voru það hlutverkin þátttakandi í trúarstarfi, sjálfbóðaliði og þátttakandi í félagsstarfi. Sömu

hlutverkin hafa mest gildi fyrir hlutfallslega flesta og þau sem að meðaltali skipta mestu máli.

Samanburður á hlutfalli þeirra sem gegndu hlutverkinu mjög oft eða daglega í nútíð við hlutfall þeirra sem fannst iðja í hlutverkinu hafa frekar eða mjög mikið

Iðjuþjálfar á Íslandi þurfa að auka þekkingu sína á hlutverkum í íslensku samfélagi, hvernig fólk gegnir þeim og hvaða gildi þau hafa hjá hinum ýmsu hópum samfélagsins. Umhverfið bæði kallar á og hindrar ákveðna hlutverkabundna hegðun.

gildi fyrir sig er settur fram á 3. mynd. Eins og sjá má virtist hlutfall þeirra sem gegndu hlutverkinu starfsmaður mjög oft eða daglega (79,9%) vera svipað því hlutfalli sem fannst virkni í hlutverkinu hafði frekar eða mjög mikið gildi (79,3%). Aðeins í einu hlutverk, hlutverki heimilishaldara, virtist hlutfall þeirra sem gegndu hlutverkinu mjög oft eða daglega vera meira (78,2%) en fjöldi þeirra sem fannst það hafa frekar eða mjög mikið gildi að vera virkur í hlutverkinu (59,5%). Öll hin hlutverkin virtust hafa frekar eða mjög mikið gildi fyrir stærri hóp en þann sem gegndi hlutverkunum. Hlutverki fjölskyldumeðlims gegndu 78,3% þátttakanda mjög oft eða daglega í nútíðinni á móti 87,1% sem þótti iðja í hlutverkinu hafa frekar eða mjög mikið gildi fyrir sig. Ef lítið er til hinna hlutverkanna, fyrst til tíðni og svo til gildis þá er hlutverk umannanda með 52,4% á

móti 75,3%, vinar með 38% á móti 67%, nemanda með 20,7% á móti 66,2%, þátttakandi í tómstundaiðju með 28,3% á móti 48,2%, sjálfbóðaliði með 7,4% á móti 24,3% og þátttakandi í félagsstarfi með 5,5% á móti 25,1% og þátttakandi í trúarstarfi með 4,1% á móti 16,5%. Þeir sem unnu að minnsta kosti einu sinni á ári sjálfbóðastörf voru 59% og er það mjög há tala.

Umræður

Fjögur hundruð manna úrtak er heldur lítið og einnig tæplega 40% svarhlutfall, þannig að ekki er hægt að nota niðurstöður til að alhæfa um alla Íslendinga. Reynt var að auka trúverðugleika með því að bera saman kyn og aldur þátttakenda og þýðis og var enginn marktækur munur á hópunum eins og fram kom hér að framan.

Notkun tímabátta sem krefjast svara á Likert-kvarða er engin trygging fyrir því að svarendur túlki sérhvert svar á sama veg. Reynt var að draga úr þessari hættu með því að hafa kvarðana nákvæma þar sem engin tímagöt komu fyrir. Engar áreiðanleika- né réttmætisprófanir fóru fram á hinum aðlagða hlutverkalista eins og gert hafði verið með hinn upprunalega hlutverkalista. Hann var hins vegar forprófaður á 16 einstaklingum, 8 konum og 8 körlum með ólíkan félagslegan bakgrunn og á aldursbilinu 19 til 73 ára.

Margar upplýsingar koma fram í könnun þessari. Sumar voru samhljóða fyrri könnunum og styðja því við niðurstöður þeirra, aðrar ekki og þarf því að skoða betur, auk þess komu fram upplýsingar sem ekki virðast hafa verið rannsakaðar áður. Úr þessari rannsókn kom fram það sama og áður var vitað um starfshlutverkið að stór hluti Íslendinga gegndi því í miklu mæli og að það sé þeim mikils virði. Starfshlutverk virðist vera í samkeppni við fjölskylduhlutverk um tíðni í hlutverki en virðist ekki vera farið að skipa lægri sess eins og vísbendingar eru um í öðrum löndum.

Varðandi sjálfbóðastarfið þá er stærra hlutfall sem gerir eitthvað í þessu hlutfalli á ársgrundvelli en komið hefur fram í fyrri könnunum og virkni í hlutverkinu virðist hafa aukist miðað við fyrri rannsóknir. Hvað varðar gildi þessa hlutverks þá fjalla fyrri heimildir ekkert um gildi þess að gera eitthvað í hlutverkinu á

Hlutverk	Tíðirnar þrjár	Fortíð	Nútið	Framtíð
	M	M	M	M
Starfsmaður	5.25	5.32	5.02	5.42
Fjölskyldumeðlimur	5.16	5.06	5.18	5.23
Heimilishaldari	5.11	4.66	5.22	5.44
Umannandi	4.34	4.27	4.10	4.66
Vinur	4.28	4.67	4.04	4.13
Nemandi	3.74	5.35	2.80	3.08
Þátttakandi í tómstundaiðju	3.56	3.77	3.33	3.59
Sjálfbóðaliði	2.42	2.58	2.20	2.47
Þátttakandi í félagsstarfi	2.39	2.56	2.14	2.46
Þátttakandi í trúarstarfi	1.89	1.96	1.77	1.94

Kvarði: 1 = aldrei, 2 = sjaldan (1-6 sinnum á ári), 3 = stundum (7-12 sinnum á ári), 4 = oft (2-4 sinnum í mánuði), 5 = mjög oft (2-4 sinnum í viku), 6 = daglega (5-7 sinnum í viku).

2. tafla: Meðaltal þeirra skipta sem hlutverkinu var gegnt í fortíð, í nútíð og áætlað fyrir framtíðina og meðaltal tíðanna þriggja yfir ævina (N = 147)

meðan fjallað er um hvert gildi þess er, þ.e.a.s. hvar rót áhugans liggur. Það eru því nýmæli að vita að það að gera eitthvað í hlutverkinu hefur eitthvert gildi fyrir tæplega 70% þátttakenda en að meðaltali frekar lítið gildi.

Hvað varðar hlutverk heimilishaldara þá sýna fyrri kannanir bæði hlutfall þeirra sem eru virkir og hve virkir þeir eru mælt í tíma á viku. Þessi rannsókn sýnir örlítið aðra hlið á málinu því hún gefur þær upplýsingar að þátttakendur gegndu þessu hlutverki að meðaltali því sem næst daglega og að gildi þess hafi verið í meðallagi, en sú vitneskja er ný.

Upplýsingar um tíðni í hlutverki vinar fundust engar í heimildum, eingöngu heimildir um hlutfall þeirra sem áttu vin. Hér kom fram að næstum því allir þátttakendur hitta vini nokkru sinnum á ári en 38% mjög oft eða daglega. Því eru þær upplýsingar sem hér koma fram um að fólk geri eitthvað oft í hlutverkinu nýjung og það sama má segja um það að gera eitthvað í hlutverkinu hafi frekar mikið gildi fyrir yfir 60% þátttakenda.

Í umfjöllun um tíðni í fjölskylduhlutverkinu fjalla heimildir um tíðni í sambandi milli fjölskyldumeðlima svo sem barna og foreldra og milli systkina, en ekki er vitað hvort það nær til þess að gera eitthvað saman. Þó er talað um að 65% heimsæki fjölskyldu sína þrisvar eða oft í mánuði. Upplýsingar sem koma fram í þessari rannsókn um að yfir 95% fjölskyldumeðlima gerðu eitthvað saman oft en einu sinni í mánuði og að 70% mjög oft eða daglega, auka grunnþekkingu á hlutverkinu. Komið hefur fram í

könnunum að þetta hlutverk sé mikils virði og staðfestist það í þessari könnun.

Heimildir um þátttakendur í trúarstarfi ná til kirkjusókna í öðrum könnunum, en ekki til annarrar virkni í hlutverkinu eins og hér. Þessi rannsókn gefur til kynna að innan við helmingur Íslendingar gerðu eitthvað á tveggja mánaða fresti eða oft í þessu hlutverki, en ef horft er til virkni í hlutverkinu þá sýnir það að fólk gerir að meðaltali aldrei neitt eða sjaldan eitthvað í þessu hlutverki og að það að gera eitthvað í hlutverkinu hafi frekar lítið gildi. Hins vegar sögðu bókmenntirnar að gildi trúar væri töluvert.

Engar heimildir fundust um það hve oft fólk gerði eitthvað sem þátttakandi í tómstundastarfi en þessi rannsókn gaf til kynna að rúmlega 80% manns gerir eitthvað a.m.k. einu sinni á ári og fólk gerði eitthvað í þessu hlutverki oft en á hálf mánaða fresti að meðaltali. Þessar tölur eru ótrúlegar og erfitt að skýra þær. Hvað varðar gildi þess að gera eitthvað í hlutverkinu, voru ekki til heimildir um það, heldur eingöngu um ánægju með magn frítímans.

Um þátttakendur í félagsstarfi sögðu heimildir heilmikið um hlutfall þeirra sem voru í hinum og þessum félögum og að 3–7% væru mjög virkir, en það voru svipaðar tölur og koma fram í þessari rannsókn. Hins vegar kemur einnig fram hér að þátttakendur eru að meðaltali sjaldan í þessu hlutverki og að gildi þess að gera eitthvað í því er frekar lítið.

Allar þær upplýsingar sem koma fram auka sýn iðjubjálfa á Íslandi til þeirra málaflokka sem tengjast þeim hlutverk-

um sem skjólstæðingar þeirra gegna í samfélaginu og gildi þeirra fyrir þá. En betur má ef duga skal. Þeir þurfa einnig að þekkja þau úrræði sem fyrir hendi eru til að fullnægja þörfum skjólstæðinganna eða að minnsta kosti að vita hvert skal leita eftir slíkum upplýsingum. Því er mikilvægt fyrir iðjubjálfa að fylgjast með þjóðmálum s. s. atvinnuástandi, atvinnutækifærum, menntamálum og tækifærum til að stunda hefðbundið og óhefðbundið nám. Ennfremur tískastrauum sem varða tómstundaiðju og þeim tækifærum sem bjóðast til að stunda hana bæði í vernduðu umhverfi og í samfélaginu svo eitthvað sé nefnt.

Í námi og starfi iðjubjálfa er lögð mikil áhersla á skjólstæðingsmiðaða nálgun og samvinnu skjólstæðings og iðjubjálfa við að efla þá iðju sem skjólstæðing langar til að stunda, hann þarf að gera eða ætlast er til að hann geri. Iðjan fer fram í hlutverkum sem eru skjólstæðingi misjafnlega hugleikin og hefur umhverfi og áhugi einstaklingsins áhrif þar á sem og aldur og kyn. Það sem hefur einkennt iðjubjálfun inni á stofnunum er þjálfun í eigin umsjá sem margir iðjubjálfar telja að skjólstæðingar þeirra þurfi að geta sinnt áður en þeir taka til við þjálfun annarrar iðju. Einnig fer fram inni á stofnunum þjálfun í eldhússtörfum og tómstundatengdri iðju auk útvegum hjálpartækja og þjálfun við notkun þeirra. Þjálfun heima hjá skjólstæðingi, á vinnustað hans eða í samfélaginu þar sem hann hefur eða langar til að stunda tómstundaiðju hefur verið takmörkuð á Íslandi. Mjög lítið hlutfall iðjubjálfa á Íslandi starfa utan stofnana svo sem í heilsugæslunni eða félagsþjónustu bæjarfélaga eins og gert er í nágrannalöndum okkar. Ef iðjubjálfun á Íslandi fer að mestu fram inni á deildum stofnana, en ekki í umhverfi skjólstæðinganna, þá eru mun minni líkur á að tækifæri séu til að efla skjólstæðinga í hlutverki t.d. starfsmanns eða umannanda sem hafa meira gildi en hlutverk heimilishaldara samkvæmt könnun þessari. Með auknum stöðugildum í samfélaginu svo sem í heilsugæslu, hjá félagsþjónustu og í skólum má ætla að þetta breytist.

Ef horft er til íslenskra rannsókna þá flokkast þau hlutverk sem fólk gegnir utan vinnu, skóla eða heimils sem félags- eða frítíma hlutverk. Á hlutverkalistanum er öllum hlutverkunum tíu gert jafn

Hlutverk	%				
	Ekkert	Frekar lítið	Í meðallagi	Frekar mikið	Mjög mikið
Nemandi	8.7	11.0	14.2	32.3	33.9
Starfsmaður	7.6	4.8	8.3	24.8	54.5
Sjálfbóðaliði	32.6	23.5	19.7	16.7	7.6
Umannandi	6.3	3.5	14.8	23.9	51.4
Heimilishaldari	0.0	10.8	29.7	28.4	31.1
Vinur	3.4	5.4	23.8	27.2	40.1
Fjölskyldumeðlimur	0.7	0.7	11.5	18.9	68.2
Þátttakandi í trúarstarfi	41.0	30.9	11.5	8.6	7.9
Þátttakandi í tómstundastarfi	13.5	9.2	29.1	29.1	19.1
Þátttakandi í félagsstarfi	33.8	21.6	19.4	16.5	8.6

3. Tafla: Hlutfallsleg dreifing þátttakenda í nútíð eftir gildi hlutverka (N = 147)

hátt undir höfði, það er að segja að gera eitthvað í hlutverki fjölskyldumeðlims hefur sama vægi og að gera eitthvað sem þátttakandi í félagsstarfi. Það mætti endurskoða hlutverkalistann í ljósi íslenskra heimilda og þessarar rannsóknar. Það mætti hugsa sér þrjú svið hlutverka: fjölskylduhlutverk, starfshlutverk og frístundahlutverk. Það er í anda félagsvísinda sem eru með þrjá flokka hlutverka, fjölskyldu, starfs og persónuleg-kynbundin hlutverk. Hægt væri að hugsa sér mismunandi undirhlutverk. Vinna við hönnun hlutverkalista fyrir íslenskt samfélag krefst þó mikillar vinnu.

Rannsókn sem þessi kveikir fleiri spurningar en hún svarar. Hvaða hegðun er ætlast til að fólk sýni í hinum ólíku hlutverkum? Er munur á gildi hlutverka hjá körlum og konum? Er munur á milli aldurshópa? Er munur á fólki eftir búsetu? Ef hlutverkin sem tengjast félagsstarfi, tómstundastarfi og trúarstarfi eru skoðuð sem heild, hver verður tíðnin þá og gildið? Í rannsóknargögnunum má finna svar við sumum þessara spurninga og enn fleirum, og bíður það betri tíma að fjalla um þau.

Iðjuþjálfar á Íslandi þurfa að auka þekkingu sína á hlutverkum í íslensku samfélagi, hvernig fólk gegnir þeim og hvaða gildi þau hafa hjá hinum ýmsu hópum samfélagsins. Umhverfið bæði kallar á og hindrar ákveðna hlutverkabundna hegðun.

Pakkir

Eftirtöldum aðilum eru færðar þakkir fyrir fjárhagslegan stuðning við vinnslu þessarar rannsóknar: Geðverndarfélagi Íslands-Minningarsjóði Ólafíu Jónsdóttur, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Landssambandi hjartasjúklinga og Sjóði Odds Ólafssonar.

1. viðauki: Skilgreiningar hlutverka:

Nemandi „að sækja skóla í fullu eða hluta námi“, starfsmaður „að stunda hluta- eða fullt starf á launum“ starfsmaður „að stunda hlutastarf eða fullt starf á launum“ sjálfboðaliði „að veita a.m.k. einu sinni í viku sjúkráhusi, skóla, samfélagi, stjórnmálalabaráttu eða öðrum, þjónustu án gjaldtöku“ umannandi „að bera ábyrgð á umönnun annarra svo sem barns, maka, ættingja eða vinar, a.m.k. einu sinni í viku“ heimilishaldari „að

bera ábyrgð á heimilishaldi svo sem þrifum eða garðvinnu“ vinur „sá sem eyðir tíma sínum eða gerir eitthvað með vini að minnsta kosti einu sinni í viku“ fjölskyldumeðlimur „sá sem eyðir tíma með eða gerir eitthvað með fjölskyldumeðlimi svo sem barni, maka, foreldri eða öðrum ættingjum að minnsta kosti einu sinni í viku“ þátttakandi í trúarstarfi „sá sem tekur þátt í safnaðarstarfi sem tengjast trú hans (fyrir utan bænahald í einrúmi) að minnsta kosti einu sinni í viku“ þátttakandi í tómstundastarfi „sá sem tekur þátt í tómstundaiðju eða áhugamennsku, til dæmis handíðum, myndlist, tónlist, íþróttum eða óformlegum klúbbum“ þátttakandi í félagsstarfi „sá sem tekur þátt í félagsstarfi svo sem samtökum fyrrum hermannna (í Bandaríkjunum *innskot höfundar), alþjóðlegum samtökum kvenna, félagi einstæðra foreldra, þyngdarvörðum o.s.frv. að minnsta kosti einu sinni í viku“

2. viðauki: Skilgreining tíða

Nútið er dagurinn í dag og síðast liðin vika, fortíð er tíminn þar á undan, framtíð er dagurinn á morgun og tíminn þar á eftir.

Summary

The aim of this study was to picture the frequency of performance in ten roles and the value of it. The roles were student, worker, volunteer, caregiver, home maintainer, friend, family member, religious participant, hobbyist/amateur, participant in organizations. The instrument used, the The Role Checklist (Oakley, 1984), was adapted to this study. A random sample of 149 Icelandic subjects, with an age range of 18 to 75 years, was

surveyed about the frequency and value of role performance in the ten occupational roles over time. Results indicate that the most frequently performed roles were: worker, family member and home maintainer. The most valued roles were family member, worker and caregiver.

Höfundur er iðjuþjálfari MS, lektor í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri

Heimildaskrá:

- Barris, R., Oakley, F. og Kielhofner, G. (1988). The Role Checklist. Í B. Hemphill (Ritstj.). *Mental Health Assessments in Occupational Therapy* (bls.75–91). Thorofare, NJ: Slack.
- Björn Björnsson og Pétur Pétursson (1990). *Trúarlíf Íslendinga*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Christiansen, C. H. og Baum, C. M. (1997). Person-Environment Occupational Performance. Í C. H. Christiansen og C. M. Baum (Ritstj.) *Occupational Therapy Enabling, Function and Well-Being*. (2.útg. bls. 46–71). Thorofare, NJ: SLACK Incorporated.
- Dickerson (1999). The Role Checklist. Í B.J. Hemphill-Pearson (Ritstj.), *Mental Health Assessment in Occupational Therapy: An Integrated Approach* (2.útg.). Thorofare NJ: Slack Incorporated.
- Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson (1991). *Lífsskoðun í nútíma þjóðfélögum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Hagstofa Íslands (1997). *Landshagir*. Reykjavík: Höfundur.
- Hagstofa Íslands (1998). *Landshagir* Reykjavík: Höfundur.
- Hagstofa Íslands (2000). *Landshagir*. Reykjavík: Höfundur.

Hlutverk	Tíðirnar þrjár	Fortíð	Nútið	Framtíð
	M	M	M	M
Fjölskyldumeðlimur	4.46	4.16	4.53	4.69
Starfsmaður	4.12	3.99	4.14	4.24
Umannandi	4.07	3.75	4.11	4.34
Vinur	4.04	4.17	3.95	4.01
Nemandi	3.75	3.77	3.72	3.75
Heimilishaldari	3.67	3.27	3.80	3.93
Þátttakandi í tómstundaiðju	3.40	3.49	3.31	3.41
Þátttakandi í félagsstarfi	2.56	2.61	2.45	2.62
Sjálfboðaliði	2.55	2.61	2.43	2.60
Þátttakandi í trúarstarfi	2.12	1.97	2.12	2.26

Kvarði. 1 = Hefur ekkert gildi, 2 = Hefur frekar lítið gildi, 3 = Hefur í meðallagi gildi, 4 = Hefur frekar mikið gildi, 5 = Hefur mjög mikið gildi.

4. tafla: Gildi í hlutverkum. Meðaltal þess hve mikla þýðingu það hafði að stunda þá iðju sem hlutverkinu fylgdi í fortíð, nútið og framtíð og meðaltal tíðanna (N = 149)

Message of the Masters in Occupational Therapy to be

The European Masters of Science in Occupational Therapy is a truly international Master of Science degree. In occupational therapy it is the first of its kind. Students from many countries may attend, the staff is from different countries, the course is conducted in various European countries, and the content is pan-European. It represents an alliance between European institutions of higher education producing a study programme. This degree addresses the shortfall in specific postgraduate opportunities for occupational therapists in Europe.

"We enrolled the European Master of Science in Occupational Therapy in September 1999.

It was in many ways a very interesting year. First of all to meet occupational therapists from different European countries. In our group we have four Danish, five Swedish, six Dutch, one Austrian and one Slovenian student. It is enlightening to hear how occupational therapy is performed in those different countries. In the modules we learned to reflect on all those differences and of course how to do research. We got really interested in the various health care systems in Europe and the place of occupational therapy in those systems. The fact that the course was given in different countries (Sweden, Denmark, and The Netherlands) made it very interesting.

Studying abroad broadens our horizons, it gave us a change to compare different points of view on occupational therapy in Europe.

We feel we are better equipped now to implement innovations in occupational therapy in order to contribute to the development of our profession.

It was a year of hard works but definitely worthwhile. Now we are all engaged in our research project and we hope to graduate in September 2001."

Brigitte Oberauer (Swiss), **Barbara Piskur** (Slovenia), **Ramon Daniels** (the Netherlands), **Marjan Stomph** (The Netherlands), **Birgit Randlov** (Denmark), **Marie Cederfelt** (Sweden), **Sippie Formsma** (The Netherlands).

Persons who are interested in the *European Master of Science in Occupational Therapy* can obtain information from:

Hogeschool van Amsterdam
Institute of Occupational Therapy
Mrs. Astrid Kinébanian M.Sc
P.O. Box 2557
1000 CN Amsterdam
The Netherlands
Telephone 31 20 652 11 40
Fax 31 20 652 11 41
E. mail a.kinebanian@ergo.hva.nl

On the internet www.ergo.hva.nl/masters is more information available about this European Masters of Science in Occupational Therapy.

The deadline for application for the course starting in September 2001 is
February 15th, 2001.

FAGHÓPUR UM IÐJUPJÁLFUN Í HEILSUGÆSLU

Árið 1996 fór af stað vinnuhópur á vegum IPÍ til undirbúnings iðjupjálfunar innan heilsugæslunnar. Fundað var með Heilbrigðisráðuneytinu og heilsugæslunni í Reykjavík. Í september 1997 fór af stað tilraunaverkefni um iðjupjálfun í heilsugæslu, til eins árs. Tilraunaverkefnið var á vegum Heilbrigðisráðuneytisins og störfuðu þrír iðjupjálfar við verkefnið. Á meðan á því stóð hittist vinnuhópurinn reglulega.

Eftir að fyrirnefndu verkefni lauk var iðjupjálfi ráðinn í 50% stöðu vði Heilsugæslustöðina í Mjódd. Þann 15. nóvember 2000 var boðað til fundar til að kanna áhuga iðjupjálfa á að stofna formlegan hóp um iðjupjálfun í heilsugæslu. Áttján iðjupjálfar mættu og fleiri lýstu áhuga sínum á að vera með. Ákvörðun var tekin um að stofna faghóp um iðjupjálfun í heilsugæslu. Stofnfundur var haldinn 21. febrúar 2001. Markmið faghópsins er að efla og kynna iðjupjálfun innan heilsugæslunnar. Á stofnfundinum var skipað í vinnuhópa. Kynningarhópur hefur það verkefni að útbúa kynningarefni um iðjupjálfun sem hægt er að fara með á allar heilsugæslustöðvar. Kynningin er ætluð starfsfólki innan stjórnsýslu, starfsfólki heilsugæslustöðva og skjólstæðingum. Annar hópur mun kanna viðhorf iðjupjálfa til iðjupjálfunar í heilsugæslu og verða send bréf til þeirra í því sambandi. Faghópurinn fundar einu sinni í mánuði, í hádeginu í Lágmúla 7. Auk þess hafa vinnuhóparnir fundað sérstaklega. Í faghópnum eru 29 iðjupjálfarar skráðir, auk þriggja iðjupjálfa nema. Áhersla er lögð á samstarf við stjórn IPÍ. Þeir sem hafa áhuga á að bætast í hópinn og taka þátt í vinnu með faghópnum eru beðnir um að hafa samband við tengiliði hópsins:

Guðrún K. Hafsteinsdóttir,
guðrun.k.hafsteinsdottir@mjodd.hr.is
Guðbjörg Tryggvadóttir, guðbjdt@shr.is
Oddrún Lilja Birgisdóttir,
oddrun.lilja@mmedia.is

- Kielhofner, G. og Burk, J. (1985). Components and determinants of occupation. Í Gary Kielhofner (Ritstj.) *A model of human occupation: Theory and application*. Baltimore: Williams and Wilkins.
- Kielhofner, G. (1995). *A model of human occupation: Theory and application* (2.útg.). Baltimore: Williams and Wilkins.
- Kielhofner, G. og Forsyth, K. (1997). The model of human occupation: An overview of current concepts. *British Journal of Occupational Therapy*, 60, 103–110.
- Labovitz (1970). The assignment of numbers to rank order categories. *American Sociological Review*, 35, 515–524.
- Landis, J. og Koch, G. (1977). The measurement of observer agreement for categorical data. *Biometrics*, 33, 159–174.
- Levine, R. E. og Brayley, C. R. (1991). Occupation as a therapeutic medium: A contextual approach to performance intervention. Í C. H. Christiansen and C. M. Baum (Ritstj.), *Occupational Therapy: Overcoming human performance deficits* (bls. 591–631). Thorofare, NJ: Slack incorporated.
- Moskowitz, D. S. (1986). Comparison of self-reports, reports by knowledgeable informants, and behavioral observation data. *Journal of Personality*, 53 (1), 294–317.
- Oakley, F. (1984). *The Role Checklist*. Occupational therapy service. Department of Rehabilitation Medicine Clinical Center, National Institutes of Health.
- Oakley, F., Kielhofner, G., Barris, J. og Reichler, R. K. (1986). The Role Checklist: Development and empirical assessment of reliability. *Occupational Therapy Journal of Research*, 6, 157–170.
- Pezzulli, T. W. (1988). *Test-retest reliability of the role checklist with depressed adolescents in a short-term psychiatric hospital*. Óbirt meistaraþitgerð, Department of Occupational Therapy, Medical College of Virginia, Virginia Commonwealth University, Richmond.
- Pétur Pétursson (1983). Heilsugæsla aldraðra í dreifbýli. *Öldrunarmál* (bls. 41–48). Reykjavík: Öldrunarráð Íslands.
- Reilly, M. (1969). The educational process. *American Journal of Occupational Therapy*, 23, 299–307.
- Sarbin, T. R. and Allen, V. L. (1968). Role theory. Í G. Lindzey and E. Aronson (Ritstj.), *The Handbook of Social Psychology* (2.útg. bls. 488–567).
- Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson (1995). *Barnafjölskyldur: Samfélag, lífsgildi, mótun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir (1997). *Hvers vegna sjálfboðaliðastörf? Um sjálfboðaliðastarf, félagsmálastefnu og félagsráðgjöf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefán Ólafsson (1990). *Lífskjör og lífshættir á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Ísland.
- Trombly, C. (1993). Anticipating the future: Assessment of occupational function. *American Journal of Occupational Therapy*, 47 (3), 253–257.
- Trombly, C. (1995). Theoretical foundation for practice. Í C.A. Trombly (Ritstj.) *Occupational therapy for physical dysfunction* (4.útg. bls. 15–27). Baltimore: Williams and Wilkins.
- Watson, M. A. and Ager, C. L. (1991). The impact of role valuation and performance on life satisfaction in old age. *Physical and Occupational Therapy in Geriatrics*, 10 (1) 27–62.

ÁHUGAHÓPUR IÐJUPJÁLFA UM ÖLDRUN

Haustið 1999 var stofnaður áhugahópur iðjupjálfa um öldrun. Markmið hópsins er að þeir sem vinna við iðjupjálfun aldraðra hittist og ræði vítt og breitt um málefnið og geti þannig haft stuðning hver af öðrum. Iðjupjálfar sem starfa með öldruðum eru margir hverjir einyrkjar og því var tilkoma þessa hóps kærkomin. Hópurinn kemur saman á tveggja mánaða fresti að jafnaði og hafa fundirnir, sem í flestum tilvikum eru frekar óformlegir verið haldnir á einhverjum stað eða stofnun sem aldraðir dvelja á. Yfirleitt er byrjað á því að kynnast starfseminni á viðkomandi stað og því næst er drukkið kaffi og spjallað. Við höfum reynt að hafa þann háttinn á að kynna bók, grein eða námskeið sem einhver hefur tekið þátt í. Ennfremur miðlum við reynslu og þekkingu um það hvað hver og einn iðjupjálfi er að vinna með þá stundina. Í vetur sem leið hefur hópurinn ekki náð að hittast eins oft og skyldi en verður vonandi virkari eftir langþráð sumarfrí. Áhugasamir geta haft samband við Kristínu Einarsdóttur iðjupjálfa í Skógarbæ, netfangið er: kristine@skogar.is

Forstöðumaður óskast

**ÞROSKAHJÁLP Á SUÐURNESJUM
Í REYKJANESBÆ AUGLÝSIR EFTIR FORSTÖÐUMANNI Í LEIKFANGASAFN, 60% STÖÐU.**

Óskað er eftir iðjupjálfa, þroskapijálfa, leikskólakennara eða starfsmanni með aðra uppeldisfræðilega menntun.

Starfið er laust frá og með 1. júní n.k.

Mögulegt er að ráða viðkomandi einstakling einnig í 40% stöðu í Ragnarssel, sem er dagvistun fyrir fötluð börn og staðsett í sama húsnæði.

**Allar nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri félagsins á skrifstofu
Þ.S. Suðurvöllum 9, Reykjanesbæ eða í síma 421-5331.**

Viðhorf aldraðra á Stór-Reykjavíkursvæðinu til sjálfræðis og forræðis í tengslum við umönnun aldraðra



INGIBJÖRG S.
ÁSGEIRSDÓTTIR

- **Inngangur:** Með fjölgun aldraðra og aukningu á kostnaði innan heilbrigðiskerfisins munu málefni er snerta sjálfstæði og sjálfræði hafa áhrif á umönnun aldraðra í æ ríkara mæli. Sífellt styttri sjúkrahússdvöl og styttri tími til endurhæfingar aldraðra innan stofnana eykur þörfina fyrir iðjuþjálfun á göngu- og dagdeildum. Þörf fyrir heimatengda endurhæfingu færist í aukana og þörf fyrir aðra íhlutun iðjuþjálfara á heimilum skjólstæðinga mun aukast að sama skapi. Viðhorf hafa áhrif á framkomu og samskipti fólks. Því er mikilvægt að öðlast innsýn í viðhorf aldraðra gagnvart umönnun þeirra aldurshóps og leita vísbendinga um það hvernig best má styðja aldraða í aðstæðum er snerta umönnun þeirra og sjálfstæði. Þá verða iðjuþjálfar betur búnir undir það að styðja aldraða skjólstæðinga sína við að hafa stjórn á aðstæðum sínum, hlutverkum og iðju á þann hátt sem hver og einn kys. Rannsóknin var gerð undir handleiðslu Gail Ann Hills, PhD., prófessors í iðjuþjálfun við Florida International University í Bandaríkjunum. Hún hefur undanfarin ár staðið fyrir svipuðum rannsóknum bæði í Bandaríkjunum og Ástralíu.
- **Efniviður og aðferðir:** 57 manna þægindaúrtak aldraðra, 65–85 ára sem bjó utan stofnana svaraði spurningum um sjálfræði og forræði við mismunandi aðstæður er tengjast umönnun aldraðra, þ.e. heilsufari, fjármálum, eigin umsjá og andlegri hæfni. Einnig voru borin saman viðhorf hóps fólks sem bjó í heimahúsum og viðhorf hóps fólks sem bjó í íbúðum fyrir aldraða. Tveir spurningalistar voru lagðir fyrir þátttakendur, annar mældi virðingu fyrir sjálfræði en hinn viðhorf til forræðis í tengslum við aðstæður í samskiptum aldraðs foreldris og uppkomins barns. Spurningalistarnir voru upprunalega þróaðir í Bandaríkjunum en þýddir á íslensku fyrir þessa rannsókn. Viðhorfin voru mæld á Likert kvarða. Notuð voru meðaltöl, staðalfrávik og prósentur til að

lýsa viðhorfum aldraðra til sjálfræðis og forræðis. T-próf og kí kvaðratar voru notaðir til marktækniþrófana m.a. milli viðhorfa hóps aldraðra sem bjó í heimahúsum og hóps sem bjó í íbúðum fyrir aldraða. Einnig í samanburði hópsins alls við hóp bandarískra aldraðra. Marktækni var náð þegar p-gildi var jafnt eða minna en 0,05.

- **Niðurstöður:** Svarendur sýndu mikinn stuðning við sjálfræði í öllum aðstæðum ($M=119,71$), mest við skipt sjálfræði ($M=70,71$). Þeir voru óákveðnari gagnvart forræði ($M=102,58$) í tengslum við umönnun aldraðra. Heimabúandi sýndu marktækt meiri stuðning við sjálfræði en íbúar þjónustuíbúða og íbúða aldraðra. Enginn marktækur munur var á viðhorfum hópanna til forræðis. Konurnar studdu sjálfræði sterkar en karlar sem voru hallari undir forræðið. Íslenska úrtakið sýndi marktækt sterkari stuðning við sjálfræði en bandarískt viðmiðunarúrtak.
- **Ályktun:** Athygli vekur að þetta úrtak aldraðra kys skipt sjálfræði við ákvarðanatöku fremur en óskipt sjálfræði, þar sem hinn aldraði tekur sjálfstæða ákvörðun varðandi umönnun. Því má ætla að þessi hópur aldraðra muni leita eftir stuðningi og þátttöku umsjáraðila sinna t.d. með sameiginlegri ákvarðanatöku, komist þau í svipaðar aðstæður er tengjast heilsufari, fjármálum, daglegu lífi eða andlegu atgervi.

Færniörskun getur haft í för með sér skert sjálfræði eða að fólki finnist að það fái ekki að ráða sér sjálft. Aukin þjónustuþörf hefur áhrif á lífshætti fólks, á vellíðan þeirra sem þurfa á þjónustu að halda og á val þeirra á lífsstíl. Mikill hluti neytenda heilbrigðiskerfisins er eldra fólk, ekki aðeins inni á stofnunum heldur einnig úti í samfélaginu. Legudögum inni á stofnunum hefur fækkað og stjórnvöld stefna að aukinni þjónustu við skjólstæðinga úti í samfélaginu, ýmist á dag- og göngudeildum eða jafnvel inni á heimilum

þeirra sem þjónustuna þurfa. Þess vegna er mikilvægt að gera þessum aldurshópi kleift að vera eins sjálfráður og sjálfstæður og hann kys sjálfur.

Aldraðir búa oft við viðkvæmt jafnvægi milli færniröskunar og sjálfstæðis. Til að viðhalda jafnvægi er þörf á stuðningi umsjáraðila og virðingu þeirra fyrir þörfum hinna öldruðu fyrir að geta stjórnað lífi sínu sjálfir. Viðhorf eru mannleg eigindi sem hafa áhrif á framkomu og samskipti fólks. Upplýsingar um viðhorf þessa aldurshóps til sjálf-ræðis og forræðis í tengslum við umönnun aldraðra kann því að veita vísbendingar um það hvernig iðjuþjálfar og aðrar heilbrigðisstéttir geta best stutt sjálfraði í vinnu sinni með öldruðum.

Aldraðir á Íslandi

Íslenska þjóðin er að eldast. Á árunum 1994 og 1995 samanlagt voru ævilíkur íslenskra karla 76,5 ár og ævilíkur íslenskra kvenna 80,6 ár (Council of Europe, 1996). Frá árinu 1985 hefur íbúatala landsins vaxið um 10,4% eða um 0,99% á ári. Fjöldi í aldurshópnum 65 ára og eldri jókst úr 10,2 í 11,2% af heildarfjölda þjóðarinnar og á undanförmum áratug hefur fjöldi háaldraðra (85 ára og eldri) aukist um 23% (Council of Europe, 1996). Fyrsta desember 1997 voru Íslendingar alls 272.064. Fjöldi fólks eldra en 65 ára var alls 31.612 eða 11,62% þjóðarinnar, þar af bjuggu 19.374 (61,23%) á Stór-Reykjavíkursvæðinu (Hagstofa Íslands, 1998). Áætlað er að árið 2020 verði hlutfall fólks 65 ára og eldra orðið 15,3% þjóðarinnar og um 19% árið 2030. Mannfjöldaspa gerir ráð fyrir mestri aukningu í hópi háaldraðra, sem verður orðinn 3,4% þjóðarinnar árið 2020 og 4,3% árið 2030 (Hagstofa Íslands, 1997).

Fjölskyldan og umönnun aldraðra

Á undanförmum áratugum hafa fjölskyldugerð, fjölskyldutengsl, breytingar á gagnvirkni innan fjölskyldna og landfræðileg dreifing fólks tekið talsverðum breytingum á vesturlöndum. Þessar breytingar hafa óhjákvæmilega haft áhrif á stuðning og tengsl milli kynslóðanna og þar með á umönnun lasburða einstaklinga af hálfu fjölskyldunnar (Silverstein og Litwak, 1993; Wolfson og félagar, 1993). Ísland er þar engin undantekn-

ing. Frá því um miðja öldina hafa orðið miklar breytingar á búsetuháttum þjóðarinnar og þar með á landfræðilegri dreifingu eldra fólks sem hefur í æríkara mæli flust í þéttbýli. Fólk hefur einkum flust til Stór-Reykjavíkursvæðisins þar sem mestur kostur gefst á formlegri og óformlegri þjónustu. Annað sem ýtir undir flutning eldra fólks til þéttbýlisins er meiri og betri nánd við uppkomin börn þeirra sem einnig hafa flust í þétt-

Aukin atvinnuþátttaka kvenna er ein áhrifamesta breyting á fjölskylduhögum sem aftur hefur haft áhrif á umönnun aldraðra í nútímaþjóðfélagi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að meirihluti þeirra sem annast aldraða eru konur sem jafnframt umsjárhlutverki hafa öðrum hlutverkum að gegna, svo sem að vera mæður, eiginkonur og starfsmenn.

býlið vegna aukinna tækifæra til menntunar og atvinnu. Fjölskyldutengsl og gagnvirkni er eldri kynslóðinni mikilvæg. Af þessu leiðir að eldra fólk er hlutfallslega fleira á þéttbýlissvæðum (einkum Reykjavíkursvæðinu) en það er í heildarfjölda þjóðarinnar. Þetta á sérstaklega við um háaldraða.

Aukin atvinnuþátttaka kvenna er ein áhrifamesta breyting á fjölskylduhögum sem aftur hefur haft áhrif á umönnun aldraðra í nútímaþjóðfélagi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að meirihluti þeirra sem annast aldraða eru konur (Himes, 1994) sem jafnframt umsjárhlutverki hafa öðrum hlutverkum að gegna svo sem að vera mæður, eiginkonur og starfsmenn. Í rannsókn Himes (1994) kom fram að meira en helmingur kvenna sem eiga fullorðið foreldri geti búið við að vera í umsjárhlutverki í komandi framtíð, einnig að almennt aukin lífslengd muni auka hlutfall þeirra sem munu þurfa að taka á sig slíkt hlutverk í framtíðinni. Uppsöfnuð streita í hlutverkum þessara kvenna getur dregið úr andlegri vellíðan þeirra og haft gagnverkandi áhrif milli hlutverka t.d. milli eiginkonu,- móður- eða starfsmannshlutverks við hlutverk umsjáraðilans, og á sama máta getur uppsöfnuð jákvæð reynsla gert þeim gott. (Stephens og félagar, 1994; Stephens og Franks, 1995).

Álag við umönnun reynist fólki þó misjafnt, allt eftir tengslum milli umsjáraðila og umsjárþegans, fjölskyldugildum

og tjáskiptum innan fjölskyldna. Einnig hafa búsetuhættir beggja aðila áhrif þar á (Silverstein og Litwak, 1993), svo og áhrif umsjárinnar á atvinnuþátttöku umsjáraðilans (Stone og Short, 1990). Í niðurstöðum rannsóknar sinnar á áhrifum umsjár aldraðra á atvinnuþátttöku nefna Stone og Short (1990) meðal annars að líklegra sé að yngri, velmenntaðar konur sem jafnframt hafi umsjárhlutverki að gegna, kjósi að stunda atvinnu sína áfram og þiggja formlega aðstoð fremur en að draga úr eða hætta að vinna.

Einnig að þær konur sem hafi minni menntun og hafi því ef til vill ekki eins miklu að tapa hvað snertir fjárhag og starfsframa, hafi frekar tilhneigingu til að miða atvinnuþátttöku sína út frá ábyrgðinni sem fylgir umönnun hins aldraða (Stone og Short, 1990). Möguleikar á utanaðkomandi aðstoð við umsjá hins aldraða hefur aukist bæði að umfangi og fjölbreytni víðast hvar í hinum vestræna heimi í takt við breytingar á fjölskylduhögum. En þrátt fyrir aukna framlegð hins opinbera í umönnun aldraðra kemur slík þjónusta aldrei í stað tilfinningalegra tengsla, aðstoðar og þess andlega stuðnings sem fjölskyldan ein getur veitt.

Áhrif menningar á sjálfræðisviðhorf aldraðra

Umhverfi og aðstæður móta viðhorf fólks. Íslendingar eru eyþjóð sem býr norður undir heimskautsbaug nyrst í Atlantshafinu. Ísland var numið af norrænum mönnum sem stofnuðu hér þjóðveldi árið 930. Þjóðveldið óx og dafnaði og með því blómstrandi menningarlíf sem byggðist á lögum og gildum sem landnemarnir höfðu haft með sér til nýja landsins. Þessum gildum er vel lýst í fornsögum Íslendinga og eru jafn sterk í þjóðarvitund nútíma-Íslendingsins og var á þjóðveldisöld.

Í dag búa Íslendingar í þjóðfélagi sem einkennist af einstaklingshyggju. Þeir búa í samfélagi án stéttaskiptingar, þar sem þegnarnir líta á sig sem jafningja og telja það rétt sinn að vera virtir fyrir eiginleika sína og manngildi. Þessi einstaklingshyggja einkennist af jöfnum hlutföllum af frelsi og jafnræði sem þjóðin hefur tekið í arf gegnum marga ættliði og er ólíkt einkennum flestra annarra þjóða, þar sem frelsið vegur oftast

þyngra en jafnræðið (Stefán Ólafsson, 1985).

Vinnuhefð er sterk meðal þjóðarinnar og þar með vilji Íslendinga til að sjá sér og sínum farborða, ekki sist meðal þeirra sem eldri eru. Virk þátttaka eldra fólks á vinnumarkaði er athygliverð. Eldri kynslóðin sem metur vinnuna vinnunnar vegna, vill halda áfram að vinna meðan heilsa og kraftar leyfa (Wieland og Pálsdóttir, 1986). Í apríl 1996 stundaði 76,9% fólks á aldrinum 60-69 ára atvinnu og 12,4% fólks á aldrinum 70-74 ára var enn að störfum (Hagstofa Íslands, 1997).

Félagsleg umbylting hefur orðið í íslensku þjóðfélagi á þessari öld. Íslendingar hafa orðið vitni að breytingum allt frá hokri til iðnvæðingar, frá sjúkdómum og fátækt til heilbrigðis og framgangs og því að vera háðir öðru ríki til þess að verða sjálfstætt lýðveldi. Þessar breytingar ásamt menningartengdum gildum sjálfræðis, sjálfstæðis og einstaklingsábyrgðar setja svip á eldra fólkið um leið og þau eru meðvituð um réttindi og skyldur í nútímapjóðfélagi (Wieland, 1994).

Viðhorf

Umhverfi og aðstæður móta viðhorf fólks. Á síðustu áratugum hafa fræðimenn leitað skýringa á neikvæðum viðhorfum fólks gagnvart öldruðum og þeim vandamálum sem aldraðir kunna að standa frammi fyrir. Algengustu breyturnar sem lita viðhorf fólks gagnvart öldruðum eru fastmótaðar ímyndir s.s. aldraðir eru veikburða og öðrum háðir, aldraðir eru verr á sig komnir líkamlega og andlega og minna aðlaðandi en þeir sem yngri eru. Slík viðhorf geta leitt til þess að aldraðir verði beittir misrétti og fá lakari þjónustu en aðrir. Aldursmisrétti á rót sína að rekja til vestrænnar menningar, til nútímasamfélagsins þar sem æskudýrkun er í hávegum höfð. Það eru þó ekki eingöngu hinir ungu sem hafa slíkar hugmyndir.

Seccombe og Ishii-Kuntz (1991) könnuðu viðhorf fjögurra aldursþopa aldraðra til öldrunar og hugsanlegra vandamála sem aldraðir kunna að lenda í. Tilgáta þeirra varðandi það að viðhorf yngsta hópsins (miðaldra) var neikvæðast sannaðist. Það sem kom þeim hinsvegar skemmtilega á óvart var að þeir elstu voru ótrúlega jákvæðir og

sýndu jákvæðustu viðhorfin. Niðurstöðurnar kunna að benda til þess að æskudýrkun nútímans liti viðhorf fólks og geri ef til vill of mikið úr þeim vanda sem aldraðir kunna að lenda í (Seccombe og Ishii-Kuntz, 1991). Hummert og félagar (1995) könnuðu viðhorf breiðari aldursþóps fólks (ungir, miðaldra, aldraðir) til ellefu staðlaðra ímynda um aldraða. Viðhorf allra aldurs-

Vinnuhefð er sterk meðal þjóðarinnar og þar með vilji Íslendinga til að sjá sér og sínum farborða, ekki sist meðal þeirra sem eldri eru. Virk þátttaka eldra fólks á vinnumarkaði er athygliverð.

þópanna reyndust áþekkt en viðhorf elsta hópsins reyndust þó áberandi jákvæðust. Allir aldursþóparnir settu lýsingar á eldri ímyndunum í neikvæðan flokk en lýsingar á þeim yngri í jákvæðan flokk staðlaðra ímynda um aldraða (Hummert og félagar, 1995).

Í heimildum er að finna ýmis viðhorf og hugmyndir fagfólks um aldraða sem óhjákvæmilega hafði áhrif á þá þjónustu sem þeim var veitt (Giardina-Roche og Black, 1990). Gillis (1991) bendir á að takmarkað námsefni um öldrunarfræði og misjafnar áherslur í námsefni skólanna kunni að hafa áhrif á starfsval. Hún bendir á aðferðir sem eftt geta jákvæð viðhorf til eldri skjólstæðinga og gert hjúkrunarfræðinga meðvitaðri um möguleika á virkri íhlutun skjólstæðinga þrátt fyrir háan aldur þeirra. Heliken og félagar (1993) byggðu rannsókn á þeim forsendum að aldursmisrétti væri almennt í heilbrigðiskerfinu og settu fram tilgátu um að fengju heilbrigðisstéttir tækifæri til að eiga samskipti við heilbrigða, virka eldri borgara snemma í námsferlinu, myndu þær mynda jákvæð viðhorf gagnvart eldri skjólstæðingum. Sú tilgáta reyndist rétt (Heliken og félagar, 1993). Brown og félagar (1992) fengu svipaða niðurstöðu úr könnun á aðferðum til að auka jákvæð viðhorf sjúkráþjálfara til aldraðra. Búast má við að svipað gildi um iðjuþjálfara. Þó er vert að árétta að í hugmyndafræði iðjuþjálfunar er lögð áhersla á heildarsýn og frelsi einstaklingsins til ákvarðanatöku og virka þátttöku hans á öllum stigum íhlutunar. Litið er á einstaklinginn sem virkan meðlim í samfélaginu, einstakling sem ber ábyrgð

á að greina hvað hann þarf að gera, vill gera og hvernig á að vinna verkið (AJOT, 1994).

Sjálfræði og forræði

Cicirelli (1992) skilgreinir sjálfræði út frá sjónarhóli sálfræðingsins sem „hæfileikann til að taka og fylgja eftir meðvitaðri ákvörðun, sem miðar að því að fullnægja þörfum og ná markmiðum sem samræmast eigin gildismati“ (bls.14). Til að vera sjálfráður þarf maðurinn að búa yfir ákveðinni hæfni. Hann þarf að búa yfir rökhugsun, dómgreind, hæfileika til að velta vöngum og bera saman valkosti, að geta leyst vandamál og hafa getu til að fylgja ákvörðun sinni eftir. Þættir eins og ungur aldur, alvarlegir geðsjúkdómar og þroskahefning, auk innri skilyrða (t.d. viljaleysi til ákvarðanatöku) eða ytri skilyrða (t.d. reglur samfélagsins), geta þó komið í veg fyrir sjálfstæða ákvarðanatöku (Cicirelli, 1992; Vilhjálmur Árnason, 1993).

Heimspekingurinn Guðmundur Frímannsson (1993) skýrgreirir sjálfræðið á svipaðan hátt og bendir um leið á að hinn sjálfráði maður erfið siðgæði sitt gegnum hefðir og menningu genginna kynslóða. Einnig að ytri skilyrði eða hömlur séu mismunandi eftir samfélögum og því geti sjálfræði og siðareglur verið mjög ólíkar í háþrúðu samfélagi og því frumstæða.

Er siðfræðingurinn Vilhjálmur Árnason (1993) ræðir um sjálfræði og samskipti við skjólstæðinga í erfiðum aðstæðum segir hann að virða beri sjálfræði með því að halda ákveðinni fjarlægð og gefa viðkomandi rými til að móta innihald og tilgang lífs síns en ekki með því að láta skjólstæðinginn vera afskiptan með skoðanir sínar og hugmyndir. Vilhjálmur mælir með samskiptum og samræðum sem byggjast á gagnkvæmum trúnaði og sameiginlegri ábyrgð á skoðanaskiptunum. Fagmaður sýnir skjólstæðingi sínum mesta virðingu með því að gagnrýna gildismat hans og skoðanir þegar þær, að mati fagmannsins, stangast á við hagsmuni skjólstæðingsins og velferð. Þannig skírskotar fagmaður til valfrelsis skjólstæðingsins, dómgreindar hans og ábyrgðar en fellst ekki gagnrýnlaust á „heilagt“ gildismat skjólstæðingsins. Að mati Cicirellis (1992) er virðing borin fyrir sjálfræði með því að halda í

heiðri að aðrir eigi rétt á að ráða sér sjálfir.

Vilhjálmur Árnason (1993) telur aldraða þann hóp sem líklegastur er til að verða fyrir forræðishyggju í þjóðfélagi sem vegur fólk á vogarskálum framlegðar. Sumt aldrað fólk dvín að kröftum og hæfni til að taka ákvarðanir um lengri eða skemmri tíma (Cicirelli, 1992). Þá kann að vera nauðsyn á varfærnislegri samræðu og samskiptum til að komast að sameiginlegri ákvörðun. Með því að viðurkenna sjálfræði sem ekki er algjört, má koma í veg fyrir ótímabært forræði og gefa einstaklingum kost á að vera sjálfráða að hluta, t.d. þegar þeir eru færir um að taka ákvörðun, en geta ekki framfylgt þeim sjálfir. Í slíkum aðstæðum er það skylda fagmanns að upplýsa, styðja og aðstoða viðkomandi við að koma ákvörðun sinni í framkvæmd (Cicirelli, 1992; Vilhjálmur Árnason, 1993).

Cicirelli (1989) skilgreinir forræðishyggju sem siðferðilegan rétt til að koma fram eða taka ákvörðun fyrir hönd annars einstaklings eða að neyða einstakling til ákvarðanatöku, sé ákvarðanatökan til góðs fyrir þann sem í hlut á. Beiting forræðis er sjaldnast merki um eigingjarna og óviðeigandi tilraun til að ráða yfir öðrum einstaklingi heldur beitir fólk forræði í þeirri góðu trú að þeir séu að gera það sem komi viðkomandi einstaklingi best. Hann telur að forræðishyggja í tengslum við umönnun aldraðra sé yfirleitt neikvæð en geti verið viðeigandi í stöku tilvikum. Einkum á þetta við þegar andlegri heilsu einstaklings hefur hrakað svo mjög að dómgreind og fyrirhyggja bregst og tryggja verður öryggi og umönnun hins aldraða (Cicirelli 1992).

Skilgreiningar á sjálfræði og forræði

Cicirelli (1989) setti fram skilgreiningar á mismunandi gerðum sjálfræðis og forræðis og eru þær notaðar til grundvallar í spurningunum sem settar voru fram í þeim listum sem notaðir voru í þessari rannsókn. Cicirelli skiptir sjálfræði á eftirfarandi máta:

1. Óskipt sjálfræði:

- *Algjört sjálfræði:* Þegar hinn aldraði tekur ákvörðunina einn.

- *Samráðssjálfræði:* Þegar hinn aldraði tekur ákvörðun eftir samráð við annan aðila.

2. Skipt sjálfræði:

- *Sameiginlegt sjálfræði:* Þegar hinn aldraði tekur ákvörðun með öðrum einstaklingi.

- *Framselt sjálfræði:* Þegar hinn aldraði framselur ákvarðanatökuna af fúsum og frjálsum vilja. Annað hvort er ákvörðunin tekin eins og hann myndi hafa gert

Beiting forræðis er sjaldnast merki um eigingjarna og óviðeigandi tilraun til að ráða yfir öðrum einstaklingi, heldur beitir fólk forræði í þeirri góðu trú að þeir séu að gera það sem komi viðkomandi einstaklingi best.

eða eins og sá sem fær ákvörðunarréttinn telur að komi hinum einstaklingnum best.

- *Staðgengil sjálfræði:* Þegar annar aðili tekur að sér ákvörðunarvald af fúsum og frjálsum vilja við aðstæður þar sem hinn aldraði er ófær um ákvarðanatöku sjálfur. Skilyrði er að ákvörðunin sé byggð á því sem hinn aldraði myndi líklega velja sjálfur.

Cicirelli (1989) skilgreinir og skiptir forræði á eftirfarandi hátt:

1. **Sterkt forræði:** Þegar aðili með sterkari stöðu tekur ákvörðun fyrir annan einstakling án beiðni hans, samþykkis og/eða vitneskju.

2. **Dulið forræði:** Þegar aðili með sterkari stöðu grípur til kenskubragða og laumuspils til að taka fram fyrir hendurnar á öðrum einstaklingi.

3. **Velvildarforræði:** Þegar einstaklingur með sterkari stöðu tekur þátt í ákvarðanatöku og útskýrir um leið hvers vegna það er nauðsynlegt.

4. **Forvarnarforræði:** Þegar aðili með sterkari stöðu grípur inn í ákvarðanatöku til þess að koma í veg fyrir slys eða skaða.

5. **Veikt forræði:** Þegar aðili með sterkari stöðu grípur eingöngu inn í ákvarðanatöku þegar um andlega skertan einstakling er að ræða.

6. **Fjarvistarforræði:** Þegar einstaklingur sem er til þess hæfur kærir sig kollóttan um ákvarðanatökuna þannig að aðili með sterkari stöðu verður að taka nauðsynlega ákvörðun fyrir hann.

Spurningalistar Cicirellis

Victor G. Cicirelli, doktor í sálfræði við Purdue Háskólann í Indiana í Bandaríkjunum, þróaði tvo spurningalista, þar sem annar mældi virðingu fyrir sjálfræði og hinn viðhorf til forræðis. Þessi viðhorf kannaði hann síðar hjá öldruðum foreldrum og uppkomnum börnum þeirra. Hann ályktaði út frá öðrum rannsóknum (Cicirelli 1989 og 1992) að fram kæmi hvort fólk hefði þessi viðhorf þegar það þyrfti að taka afstöðu til þess hvað það myndi gera við aðstæður sem upp kunna að koma í samskiptum og umönnun aldraðs foreldris. Afstaðan sem fólk tæki gæti spáð fyrir um framkomu eða hegðun þegar það kæmist í sambærilegar aðstæður. Eftir langt þróunarferli, aðlögun og breytingar voru listarnir tilbúnir, hvor um sig með 30 atriði í endanlegu útgáfunni. Listarnir voru lagðir fyrir tvö mismunandi úrtök; 81 aldrað foreldri og 147 uppkomin börn. Atriðagreining benti til þess að sjálfræði skiptist í tvo yfirflokka: óskipt og skipt sjálfræði, hvor um sig með undirflokkum en forræðislistinn mældi aðeins einn yfirflokk með 6 undirflokkum. Prófanir á áreiðanleika og réttmæti fyrir báða listana voru taldar fullnægjandi til notkunar í hóprannsókn (Cicirelli 1989 og 1992).

Rannsóknarspurningar

1. Hver eru viðhorf aldraðra til sjálfræðis og forræðis í tengslum við umönnun þeirra aldurs hóps?
2. Er munur á viðhorfum aldraðra sem búa í þjónustuhúsnæði/ íbúðum fyrir aldraða og þeirra sem búa á eigin heimilum úti í samfélaginu?

Efniviður

Þátttakendur voru 57 manna þægindaúrtak aldraðra einstaklinga sem búsettir voru á Stór-Reykjavíkursvæðinu, voru 65 ára og eldri og sóttu félagsstarf aldraðra á Vitatorgi og á Aflagranda í Reykjavík. Auk þess íbúar á Grandavegi 47 og í heimahúsum. Þátttakendur þurftu að hafa 8 stig eða meira á vitræna skimunarprófinu Mental Status Questionnaire (Kahn og félagar, 1960) og eiga að minnsta kosti eitt uppkomið barn.

Aðferðir

Þátttakendur svöruðu tveimur spurningalistum Cicirellis (1989). Annar listinn fellar um virðingu fyrir sjálfræði þar sem

könnuð voru viðhorf til allra fimm flokka sjálfræðis en hinn spurningalistinn fjallaði um viðhorf til forræðis í tengslum við umönnun aldraðra foreldra. Allir sex undirflokkar forræðis voru kannaðir. Að auki voru lagðar fyrir svarendur um 30 spurningar tengdar lýðfræðilegum upplýsingum.

Leitað var álits sérfræðinga á mismunandi sviðum til að ganga úr skugga um að hugtökin sjálfræði og forræði væru sambærileg á Íslandi og í Bandaríkjunum. Listarnir voru síðan þýddir úr ensku á íslensku og aftur yfir á ensku. Samanburður var gerður á ensku þýðingunni við upprunalegu listana og íslensku þýðingunni breytt ef munur á túlkun hugtaka kom í ljós. Þýðingin var síðan lögð að íslenskum aðstæðum eins og kostur var. Gerð var forkönnun á listunum með því að leggja þá fyrir 6 einstaklinga og þurfti þá að breyta orðalagi á Likert kvarðanum og laga hann að því orðfari sem Íslendingar eiga að venjast.

Hvor listinn um sig inniheldur 30 fullyrðingar varðandi samskipti og ákvarðanatökur aldraðs foreldris og uppkomins barns í aðstæðum er varða heilsufar, fjármál og daglegt líf. Svörin voru gefin á Likert kvarða frá 1-5 allt eftir því hversu ósammála eða sammála svarendur voru fullyrðingunum. Í íslensku listunum var Likert kvarðinn svona: 1=mjög ósammála, 2=frekar ósammála, 3=hlutlaus, 4=frekar sammála, 5=mjög sammála. Því hærri stig sem gefin voru, þeim mun meiri stuðningur eða virðing var talin borin fyrir sjálfræði eða forræði. Gert var ráð fyrir að fólk svaraði eftir bestu sannfæringu og að niðurstöður endurspegluðu afstöðu þeirra til sjálfræðis og forræðis í tengslum við umönnun aldraðra.

Nafnleyndar var gætt og leyfi fengin fyrir rannsókninni hjá Tölvunefnd á Íslandi og rannsóknarnefnd Florida International University. Sett voru upp veggspjöld í húsum félagsstarfs aldraðra, þar sem tilgangi og mikilvægi rannsóknaarinnar var lýst, um leið og fólk var hvatt til þátttöku. Jafnframt var auglýstur sá tími sem könnunin færi fram í hverju húsi fyrir sig. Notuð voru meðaltöl, staðalfrávik og prósentur til að lýsa viðhorfum aldraðra til sjálfræðis og forræðis. T-próf voru notuð til marktækni-prófana m.a. milli viðhorfa hóps aldraðra sem bjó í heimahúsum og hóps sem bjó í

íbúðum fyrir aldraða. Einnig í samanburði hópsins alls við hóp bandarískra aldraðra. Kí-kvaðratspróf voru notuð til að reikna út hvort tengsl milli ákveðinna breyta væru marktæk. Marktækni var náð þegar p-gildi var jafnt eða minna en 0,05. Tölfræðiforritið SPSS var notað til útreikninga á niðurstöðum.

Niðurstöður

Lýðeinkenni þátttakenda

Samkvæmt niðurstöðum var meirihluti þátttakenda konur (64,9%), á aldrinum 65-74 ára (58,1%), ekkjur (47,4%) á eftirlaunum (59,6%), með grunnskólamennt-

Vera má að öldruðum Íslendingum finnst iðlutun fjölskyldunnar og þá einkum uppkominna barna sinna í ákvarðanatöku ekki vera ógnun við sjálfræði sitt, heldur hneigist til og jafnvel búist við iðlutun sem eðlilegum stuðningi og gagnkvæmum greiða.

un eða minna (85,9%). Þær bjuggu í miklum meirihluta í íbúðum fyrir aldraða eða þjónustuíbúðum (63,2%), sem voru í innan við 30 mínútna akstursfæri frá bústað uppkomna barnsins sem þær vísuðu

til (56,1%) (sjá töflur 1 og 2). Við öðrum spurningum er snerti persónulega hagi, kvaðst meirihluti svarenda vera við ágæta (43,8%) eða góða (35,1%) líkamlega heilsu, og aðspurð kváðust flest (82,5%) vera við annaðhvort ágæta eða góða andlega heilsu. Við spurningu um vitræna hæfni kváðust 42,1% vera ágætlega stödd og 42,9% vel stödd. Þegar spurt var um fjárhag og afkomu kvaðst meirihlutinn hafa það gott, 19 (33,3%) sögðust alltaf geta veitt sér „smámunað“ eða „gleðigjafir“, 17 (29,8%) gátu oft veitt sér „smámunað“, tíu (17,5%) stundum, fimm kváðust aldrei geta gert það og sex svöruðu ekki. 69% aðspurðra kváðust sjálfbjarga með heimilishald en af þeim 33,3% sem töldu sig þurfa aðstoð, alls 19 manns, fólst aðstoðin helst í því að sinna erfiðari húsverkum (16), komast á milli staða (1), aðstoð við fatakaup og aðdrætti (2), að elda heitar máltíðir (6), aðstoð við fésýslu (3) og lyfjatiltekt (4). Einungis einn kvaðst þurfa aðstoð við eigin umsjá og 11 (22%) kváðust nota hjálpartæki.

Við spurningu um hvort þau nytu aðstoðar annarra en uppkomins barns, sögðust 13 (22,8%) ekki þiggja aðra að-

Kyn		
konur	37	64,9%
karlar	18	31,6%
óþekkt	2	3,5%
Aldur		
65-74	33	58,1%
75-84	23	40,1%
85-	1	1,8%
Hjúskaparstaða		
Ekkjur/ekklar	27	47,4%
Giftir/kvæntar	24	42,1%
Einhleypir	6	10,5%
Menntun		
Grunnsk. eða minna	49	85,9%
Stúdentspr. eða meira	6	10,7%
Atvinnustaða		
Á eftirlaunum	34	59,6%
Í hálfri/fullri vinnu	14	24,6%
Annað	9	15,8%
Búseta		
Íbúðir aldraðra	36	63,2%
Í heimahúsi	21	36,8%
Búsetufjarlægð frá uppkomnu barni		
Í göngufæri	18	31,6%
Undir 30 mín. akstur	32	56,1%
Meira en 30 mín. akstur	5	
Óþekkt	2	

1. tafla: Lýðeinkenni þátttakenda

stoð, 17 (29,8%) nutu aðstoðar maka, 22 (38,6%) kváðust fá aðstoð annars uppkomins barns, fimm fengu aðstoð ættingja og tveir nutu aðstoðar vina. Að auki sögðust tveir fá aðstoð heimahjúkrunar og sex aðstoð heimaþjónustu. Við spurningu um það hvort núverandi búsetuskilyrði væri sá kostur sem þau kysu helst svöruðu 54 (94,7%) að svo væri og er þau voru spurð að því hvort þau myndi kjósa að búa á heimili sínu til dánardægurs, að því gefnu að þau myndu fá alla nauðsynlega aðstoð frá formlegri heilbrigðis- og félagsþjónustu, svöruðu 42 (73,7%) jákvætt, sjö (12,3%) sögðu nei en átta (14%) svöruðu ekki spurningunni. Uppkomnu börnin voru að mestu konur (69,4%), í hjúskap (84,3%), á aldrinum 40-49 ára (50%), með háskólagráðu eða aðra framhaldsmenntun (69,8%) og í fullu starfi (70,8%). Þær hafa því mörgum skyldum að gegna er tengjast fjölskyldu og starfi, auk þess að vera stuðningsaðilar foreldra sinna.

Hver eru viðhorf aldraðra Íslendinga til sjálfræðis og forræðis í tengslum við umönnun aldraðra?

Til að svara spurningunni voru reiknuð út meðaltöl, staðalfrávik og spönn út frá svörum þátttakenda á Likert-kvarðanum. Meðaltöl voru reiknuð út á tvo vegu. Annars vegar voru stigin lögð saman og reiknað út meðaltal af heildarstigafjöldanum (M) fyrir sjálfræði og forræði í heild og meðaltölum einstakra undirflokka sjálfræðis og forræðis. Sömu aðferð var beitt við útreikninga í mismunandi færnitengdum aðstæðum (heilsufar, fjármál, daglegt líf og andleg hæfni). Hins vegar var reiknað út meðaltal (m) sem samsvarar Likert-kvarðanum 1-5 og lýsir því hversu sammála eða ósammála svarendur voru sjálfræði eða forræði í heild. Einnig í mismunandi færnitengdum aðstæðum (sjá töflu 3 og 4).

Virðing fyrir sjálfræði: Svarendur í þessu úrtaki bera mikla virðingu fyrir sjálfræði í tengslum við allar aðstæður í umönnun aldraðra, eins og sjá má í töflu 3. Því má álykta að þau muni búast við stuðningi við sig lendi þau í svipuðum aðstæðum. Það verður að teljast áhugavert, að þrátt fyrir almennt mikinn stuðning við flesta undirflokka sjálfræðis, þá sýndu hinir öldruðu fremur vægan

stuðning við óskipt sjálfræði ($m=3,62$), þ.e. þar sem viðkomandi ræður fullkomlega sjálfur án samráðs ($m=3,18$) eða að undangengnu samráði við uppkomið barn sitt ($m=4,22$). Þau aðhyllast fremur skipt sjálfræði ($m=4,21$) þar sem ákvarðanatöku er sameiginleg með uppkomna barninu ($m=3,85$) eða jafnvel framseld til barnsins sem aldraða foreldrið treystir til að gera eins og hinn aldraði vildi helst og myndi gera sjálfur eða þá að foreldrið treystir barni sínu til að ákveða hvað

Í þessari rannsókn sýndu konur sjálfræðinu meiri stuðning en karlarnir, sem aftur á móti hölluðust ögn að forræði í samanburði við konur. Fólki í hjúskap eða sambúð studdi sjálfræði fremur en þeir sem bjuggu einir.

foreldrinu kæmi best ($m=4,39$). Svarendur sýndu einnig mjög mikinn stuðning við ákvarðanatöku uppkomins barns í þeim tilvikum þar sem hinn aldraði var ófær um að ákveða sjálfur (staðgengils-sjálfræði), með því skilyrði þó að ákvörðunin væri grundvölluð á því sem hinn aldraði hefði valið sjálfur ($m=4,32$). Stuðningur við sjálfræði í öllum færnitengdum aðstæðum (heilsufar, fjármál, eigin umsjá) var einnig talsverður, að meðaltali um $m=4,0$ og á það jafnt við um aðstæður er varða andlega eða líkamlega færniröskun hins aldraða.

Viðhorf til forræðis: Hvað varðar forræði í tengslum við umönnun aldraðra, þá voru svarendur öllu hlutlausari en sýndu væga tilhneigingu til stuðnings við forræði í heild ($m=3,41$) eins og sjá má í töflu 4. Mestur stuðningur var við

fjarvistarforræði sem bendir til að þau myndu helst viðurkenna íhlutun annarra við ákvarðanatöku þar sem hinum aldraða stæði sjálfum á sama um viðkomandi ákvarðanatöku ($m=3,80$). Einnig voru þau örlítið höll undir forvarnarforræði ($m=3,76$) sem gæti bent til þess að þau væru ekki með öllu ósátt við að gripið yrði inn í ákvarðanatöku til að koma í veg fyrir slys eða skaða. Í ritgerðum hefur þessari tegund forræðis verið lýst sem siðfræðilega viðurkenndri íhlutun í ákvarðanatöku (Abramson, 1985; Árnason, 1993; Cicirelli, 1989; Frímannson, 1993). Cicirelli (1989) bendir einnig á að skipt sjálfræði eigi mun meiri skyldleika við forræði en það á við óskipt sjálfræði. Þessi hópur aldraðra virðist falla að þeirri kenningu og finnast réttlæt看legt að fallast á íhlutun annarra einkum þar sem koma þarf í veg fyrir slys eða skaða í aðstæðum er tengjast umönnun

Er munur á viðhorfum fólks sem býr í þjónustuhúsnæði/húsnæði fyrir aldraða og þeirra sem enn búa á heimilum sínum úti í samfélaginu?

Til að svara síðari spurningunni var svarendum skipt í hópa eftir búsetu: þá sem bjuggu í þjónustubúðum/íbúðum aldraðra ($n=36$) og þá sem bjuggu á heimilum sínum úti í samfélaginu ($n=21$). T-próf voru notuð til að greina hvort marktækur munur væri á viðhorfum þessara hópa og Kí-kvaðratspróf til að sjá hvort marktækur munur væri á milli ákveðinna breyta. Prófin voru marktæk við $p=0,05$ eða minna.

Kyn		
konur	34	69,4%
karlar	15	30,6%
Aldur		
27-39	14	28,0%
40-49	25	50,0%
50-63	11	22,0%
Hjúskaparstæða		
Gift	43	84,3%
Ein/-ir	8	15,7%
Menntun		
Grunnsk. eða minna	16	30,2%
Stúdentspr. og meira	37	69,8%
Atvinnustaða		
Í hlutastarfi	6	12,5%
Í fullri vinnu	34	70,8%
Annað	8	6,3%

2. tafla: Lýðeinkenni uppkominna barna þátttakenda

Virðing fyrir sjálfræði: Þeir sem búa í eigin húsnaði úti í samfélaginu sýndu almennt sterkari stuðning við sjálfræði í heild ($p=0,059$) og marktækur munur fannst við skipt sjálfræði ($p=0,035$) þar sem heimabúandi sýndu meiri stuðning en þeir sem búa í íbúðum fyrir aldraða. Sjá töflu 5. Í undirflokknum sameiginlegt sjálfræði fannst einnig marktækur munur ($p=0,034$) þar sem heimabúandi sýndu sjálfræðinu meiri stuðning en þeir sem bjuggu í íbúðum fyrir aldraða. Báðir hópar voru hlutlausir varðandi einstaklingsbundna ákvarðanatöku eða algjört sjálfræði. Í færnitengdri umönnun (heilsufar, fjárhagur, eigin umsjá, andleg hæfni) var tilhneigingin sú sama, stuðningur heimabúandi við sjálfræði er sterkur (heilsufar $p=0,049$, eigin umsjá $p=0,039$), og furðu vekur að marktækni var mest við aðstæður þar sem lægsta færnistigi er lýst. Þannig varð marktækni við sjálfræði í aðstæðum tengdri slakri andlegri hæfni $p=0,024$. Þetta gæti bent til þess að heimabúandi muni síst fella sig við íhlutun annarra við aðstæður þar sem viðkomandi er andlega skertur.

Viðhorf til forræðis: Enginn marktækur munur var á afstöðu hópanna til forræðis.

Aðrar niðurstöður

Kynbundinn munur fannst á svörum þátttakenda. Notuð voru t-próf til að ákvarða hvort marktækur munur væri á viðhorfum kvenna og karla í úrtakinu. Konur studdu sjálfræði almennt sterkar en karlar í öllum flokkum sjálfræðis en einungis marktækt við staðgengilssjálfræði ($p=0,05$) sem bendir til þess að konurnar myndu samþykka íhlutun annarra við ákvarðanatöku ef hinn aldraði væri til þess vanhæfur. Konur sýndu ennfremur tilhneigingu til meiri stuðnings við samráðssjálfræði ($p=0,062$) en karlarnir og því er hugsanlegt að þær myndu fremur leita samráðs en karlarnir í þessum hópi.

Karlar voru hallari en konurnar undir forræðishyggjuna í öllum flokkum forræðis. Þeir voru með nær marktækan stuðning við dulið forræði ($p=0,059$) sem kann að gefa vísbendingu um það að þeir séu ekki eins mótfallnir smávægilegum blekkingum og kenskubrögðum af hálfu umsýslaraðila þegar taka þarf ákvarðanir um ýmis mál er snerta umsjá aldraðs fólks.

Hjúskaparstaða kann að hafa áhrif á viðhorf fólks til ákvarðanatöku. Giftar/kvæntir studdu marktækt frekar sjálfræði í heild ($p=0,03$), skipt sjálfræði ($p=0,023$) og framselt sjálfræði ($p=0,004$) en þeir sem voru ekkjur/ekklar eða einhleypir. Sama tilhneiging sást við færnitengdar aðstæður (heilsufar, daglegt líf, andleg hæfni) en þar er marktæknin mest við aðstæður þar sem farið er að slá út í fyrir hinum aldraða ($p=0,027$). Hvað forræðið varðar þá var einnig marktækur munur á hópnum þar sem fólk í hjúskap gaf marktækt í skyn sterkari stuðning við forræði, samtals ($p=0,020$).

Mismunur á íslenska úrtakinu og úrtaki úr rannsókn Cicirellis

Árið 1989 gerði Victor G. Cicirelli rannsókn á viðhorfum aldraðra foreldra sem áttu að minnsta kosti eitt uppkomið barn á lífi. Í þeirri rannsókn voru spurningalistarnir lagðir fyrir í einkaviðtölum á heimilum svarenda sem hluti af stærri gagnasöfnun. Aldur þátttakenda í þeirri rannsókn var frá 66-97 ára, meðalaldur 79,92 ár eða heldur hærri en í þeirri rannsókn sem hér um ræðir. Við samanburð á viðhorfum íslensku og bandarísku hópanna kom í ljós að viðhorf íslenska úrtaksins voru mun sterkari bæði varðandi sjálfræði og forræði en kom fram í þessari upprunalegu rannsókn Cicirellis (1989) á viðhorfum aldraðra í Lafayette, Indiana. Marktækur munur var á hópnum í heild, þar sem íslenska úrtakið sem heild sýndi sterkari stuðning bæði við

óskipt sjálfræði ($p=0,001$) og skipt sjálfræði ($p=0,001$) en bandaríska úrtakið. Sama tilhneiging sást við samanburð á hópum eftir búsetuháttum, þ.e. marktækni á sömu breytum, óskiptu og skiptu sjálfræði var $p=0,001$, þar sem heimabúandi Íslendingar og íslenskir íbúar þjónustubúða sýndu marktækt meiri stuðning en samsvarandi hópar í Lafayette. Ekki reyndist marktækur munur á viðhorfum til forræðis milli hópanna, því þótt Íslendingarnir sem bjuggu í íbúðum fyrir aldraða, væru með hærri stigagjöf á forræðinu þá voru meiri frávik eða breidd í svörum þeirra samkvæmt staðalfrávikum.

Takmarkanir

Íslenska útgáfan á Likert skalanum kann að vera takmarkandi við rannsóknina. Þótt orðin eigi að vera sambærileg kann að vera menningartengdur munur á hugtökum sem svo aftur kann að hafa haft áhrif á niðurstöður á annan hvorn veginn í samanburði við bandarísk úrtök. Lengd spurningalistans er einnig takmörkun ásamt notkun hans sem hópkönnun í stað einstaklingsviðtala. Þátttakendur í þessu úrtaki virtust óvanir að svara spurningakönnunum sem þessari. Einnig var augljóst að þau áttu í erfiðleikum með að velja eitt uppkomið barn fram yfir annað sem þann umsýslaraðila sem vísað var til. Þá vaknar einnig spurningin um huglægan skilning fólks á hugtakinu „umönnun“ eða „umsjá“ í tengslum við íslensku fjölskylduna og gagnvirkni

Breytur	n	Spönn	M	SF	m
Sjálfræði alls	52	30-150	119,71	17,97	3,99
Óskipt sjálfræði	57	12-60	43,40	8,46	3,62
Skipt sjálfræði	51	18-90	70,71	11,91	4,21
Algjört sjálfræði	54	6-30	19,06	5,30	3,18
Samráðs-sjálfræði	53	6-30	25,32	4,17	4,22
Sameiginlegt sjálfræði	54	6-30	23,07	5,68	3,85
Framselt sjálfræði	55	6-30	26,33	3,59	4,39
Staðgengils sjálfræði	53	6-30	25,92	3,94	4,32
Aðstæður:					
Heilsufar	47	10-50	40,43	6,66	4,04
Fjármál	48	10-50	40,19	6,99	4,02
Daglegt líf	45	10-50	40,64	6,88	4,06
Andlegt atgervi:					
Engin skerðing	52	18-90	72,46	12,27	4,03
Skert hugarstarf	54	12-60	47,04	7,07	3,92

Útreiknuð stig byggjast á Likert-kvarða: 1 = mjög ósammála, 2 = frekar ósammála, 3 = hlutlaus, 4 = frekar sammála, 5 = mjög sammála.

3. tafla: Virðing fyrir sjálfræði, reiknað fyrir aldraða á Stór-Reykjavíkursvæðinu (n= 45-57)

innan hennar. Ennfremur vaknar spurning um áhrif íslenskrar menningar almennt á sjálfræðisviðhorf þjóðarinnar. Þetta úrtak eldri borgara af Stór-Reykjavíkursvæðinu er of lítið til að niðurstöðurnar geti átt við aðra en þá sem hér er um rætt.

Umraða

Þegar þessi rannsókn var undirbúin var gengið að því sem vísu að íslenskir eldri borgarar aðhylltust sjálfræði í ríkum mæli. Var það gert með skírskotun til sögu og menningar íslensku þjóðarinnar ásamt því að í heimildum kemur fram að Íslendingar leggja frelsi og jafnræði að jöfnu (Stefán Ólafsson, 1985). Í ljós kom að hinir 57 öldruðu þátttakendur af Stór-Reykjavíkursvæðinu sýndu almennt mikinn stuðning við sjálfræði við allar aðstæður í umönnun aldraðra. Mestur stuðningur reyndist þó við skipt sjálfræði, með áherslu á sameiginlega ákvarðanatöku aldræðs foreldris og uppkomins barns. Viðhorf þeirra til forræðis voru öllu hlutlausari.

Skýringar á ofanefndum niðurstöðum varðandi viðhorf hópsins, einkum á niðurstöðum um skipt sjálfræði, kunna að byggjast á því að flestir svarendur voru eldri konur, húsmæður, ýmist í hjúskap eða ekkjur sem áður voru vanar að ræða og taka ákvarðanir með maka sínum. Sameiginleg ákvarðanatöku er þeim því engin ógnun heldur venja. Þá eru fjölskyldubönd og tíð samskipti innan fjölskyldna enn sterkur þáttur í íslenskri menningu, með gagnvirkum stuðningi og samkennd. Vera má að öldruðum Íslendingum finnist íhlutun fjölskyldunnar og þá einkum uppkominn barna sinna í ákvarðanatöku ekki vera ógnun við sjálfræði sitt, heldur hneigist til og jafnvel búist við íhlutun sem eðlilegum stuðningi og gagnkvæmum greiða. Barna virðist því vera örmjó lína milli skipts sjálfræðis, þar sem m.a. er innifalin sameiginleg ákvarðanatöku, og þess að ákvörðunin verði tekin frá hinum aldraða á forræðislegan eða geræðislegan hátt. Því er nauðsynlegt á að vera vakandi í samskiptum við aldraða, ekki síst þá er búa við heilsuþrest af einhverju tagi.

Marktækur munur kom í ljós milli viðhorfa tveggja hópa aldraðra: Aldraðir í heimahúsum sýndu meiri stuðning bæði við sjálfræði og forræði samanborið við

hóp íbúa í íbúðum aldraðra. Það sem vekur athygli er að marktækni var mest við aðstæður þar sem lægsta færnistigi er lýst og vitræn hæfni farin að þverra. Þetta gæti bent til þess að heimabúandi svarendur muni síst fella sig við íhlutun annarra í ákvarðanatöku við aðstæður þar sem viðkomandi er andlega vanhæfur. Hugsanlega gæti slík afstaða valdið vandræðum við umsjá andlega skertra einstaklinga, jafnvel ýtt undir það að andlega vanhæfir einstaklingar haldi sjálfstæðri búsetu of lengi sem svo aftur gætu leitt af sér heilsufarsvanda, öryggisvandamál eða fjárhagsörðugleika sem erfitt yrði að ráða bót á. Vera kann að þessir heimabúandi einstaklingar óttist að lenda í aðstæðum sem þessum, aðstæðum sem að sönnu eru ógnvekjandi og vilji láta virða sig sem einstaklinga og jafningja, jafnvel þótt hann eða hún væru orðin ófær um þátttöku í ákvarðanatöku á jafnræðisgrundvelli. Hvað snertir umsjá í mismunandi heilsufarsaðstæðum má líka spyrja sig þess hversu mikla aðstoð aldraðir myndu þiggja inn á heimili sitt við alvarlega líkamlega fötlun áður en kæmi til þess að velja vistheimili eða hjúkrunarheimili. Margir aldraðir hafa á orði að þeir vilji ekki verða fjölskyldunni til byrði. Möguleg skýring á því viðhorfi gæti legið í ójafnvægi í gagnvirkni sem kynni að verða innan fjölskyldunnar við slíkar aðstæður eða við þá tilfinningu umsjárþegans að geta ekki lengur gert öðrum gagnkvæman greiða eða gefa „gjafir“ innan fjölskyldunnar. Hægt er að spyrja ýmissa spurninga um það hver sé

skilningur fólks á gagnvirkni innan fjölskyldu. Hvar endar gagnvirknin og hvar tekur umönnun við í íslenskum fjölskyldum?

Leiða má líkum að því að sú staðreynd að heimabúandi þátttakendur þessa úrtaks eru yngri en þeir sem búa í íbúðum fyrir aldraða/þjónustuíbúðum og það að fleiri þeirra eru útivinnandi og við betri heilsu og fjárhagsstöðu, hafi áhrif á viðhorf þeirra til sjálfræðis í tengslum við umönnun aldraðra. En þær líkur væru þá m.a. í anda þeirrar tilgátu Cicirellis (1989) að með hækkandi aldri muni maður geta séð aukningu á stuðningi fólks við forræðishyggju. Slíkt yrði að kanna með tilliti til íslenskra aðstæðna.

Í þessari rannsókn sýndu konur sjálfræðinu meiri stuðning en karlarnir, sem aftur á móti hölluðust ögn að forræði í samanburði við konurnar. Fólk í hjúskap eða sambúð studdi sjálfræði fremur en þeir sem bjuggu einir.

Íslenska úrtakið studdi sjálfræði sterkar en bandarískt viðmiðunarúrtak Cicirellis. Þetta kann að stafa af stærðarmun úrtakanna, þar sem bandaríska úrtakið var 81 svarandi eða vegna aðeins lægri meðalaldurs íslenska úrtaksins eða þá vegna sterkra menningarlegra áhrifa varðandi sjálfræði, sjálfstæði og jafnræði sem erfst hafa gegnum kynslóðirnar. Aðra rannsókn þyrfti til að fá staðfest hvort aldurstengdar breytingar verða t.d. á viðhorfum til forræðis meðal aldraðra Íslendinga og til að ákvarða hvort niðurstöður styðji forspá Cicirellis um að með

Breytur	n	Spönn	M	SF	m
Forræði samtals	43	30-150	102,58	23,38	3,41
Sterkt forræði	52	5-25	17,90	4,96	3,58
Dulíð forræði	53	5-25	14,89	5,41	2,98
Velvildar forræði	54	5-25	17,30	4,84	3,46
Forvarnar forræði	52	5-25	18,81	3,54	3,76
Veikt forræði	52	5-25	17,06	4,59	3,41
Fjarvistarforræði	54	5-25	19,02	4,35	3,80
Aðstæður:					
Heilsufar	56	10-50	35,08	7,69	3,50
Fjármál	56	10-50	34,91	8,36	3,49
Daglegt líf	56	10-50	34,16	8,61	3,42
Andlegt atgervi:					
Engin skerðing	55	26-130	90,38	19,82	3,48
Skert hugarstarf	57	4-20	14,18	3,70	3,55

Útreiknuð stig byggjast á Likert-kvarða: 1 = mjög ósammála, 2 = frekar ósammála, 3 = hlutlaus, 4 = frekar sammála, 5 = mjög sammála.

4. tafla: Viðhorf til forræðis, reiknað fyrir aldraða á Stór-Reykjavíkursvæðinu (n= 43-57)

hækkandi aldri sjái maður aukningu á stuðningi við forræði.

Spurningar vakna

Þegar ofanefndar niðurstöður eru gaumgæfðar vakna margar spurningar sem leita þyrfti svara við. Fróðlegt væri að kynna sér hvort viðhorf aldraðra til sjálfræðis og forræðis breytist við ákveðin tímamót á ævinni, t.d. við hlutverkaskipti sem tengjast starfslokum, makamissi, heilsubresti eða flutningi á vist eða hjúkrunarheimili. Hverjar eru væntingar eldri borgara þegar heilsunni hrakar? Er munur á viðhorfum aldraðra og háaldraðra? Einnig gæti verið áhugavert að kanna virðingu fyrir sjálfræði umsjár- aðila og réttindi þeirra almennt. Jafnvel þarf að kanna það hvaða skilning Íslendingar leggja í hugtakið „umsjá“ eða „umönnun“.

Lokaorð

Umræða um sjálfræði og forræði tengt umönnun aldraðra hefur ekki verið mikil hitamál í þjóðfélaginu til þessa en gæti orðið það með fjölgun aldraðra og þó einkum fjölgun háaldraðra í heimahúsum. Búast má við breytingu á umsjárlutverki fjölskyldunnar með breyttri fjölskyldugerð og -höfum. Líta verður til þess að rúmlega 70% af uppkomnu börnunum sem hinir öldruðu telja til í þessari rannsókn, stunduðu fulla vinnu og 12,5% stunduðu hlutastörf til viðbótar við fjölskyldutengdar skyldur, heimilisstörf og tómstunda- og félagsstörf. Leiða má líkum að því að þetta gefi vísbendingu um framþróun í menntun og atvinnuþátttöku kvenna á Íslandi og væntanlega breytingu á virkri þátttöku í umönnun aldraðra. Því þarf að gera ráðstafanir til að auka samfélagslega þjónustu og auka fjölbreytni í stuðningi við aldraða í heimahúsum. Gera verður ráð fyrir því að fjölskyldurnar verði áfram andlegur og tilfinningalegur stuðningur við hina öldruðu í framtíðinni, en að líkamleg aðstoð yrði að mestu veitt af starfsfólki í heilbrigðis- og félagskerfinu, þar með talið iðjupjálfum sem hafa sérþekkingu á daglegri iðju og aðlögun umhverfis og aðstæðna að mismunandi færniröskunum fólks.

Færni fólks tekur oftast einhverjum breytingum þegar líður á æviskeiðið. Þegar aldur færast yfir fólk eru meiri líkur á að röskun verði á líkamlegri, sál-

félagslegri og vitrænni færni. Færniröskun kann að auka þörf á breytingum á aðstæðum aldraðra sem síðan hafa áhrif á hlutverk og venjur þess sem í hlut á. Þessar breytingar geta dregið úr möguleikum og getu hins aldraða til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um sína hagi.

Viðhorf hafa áhrif á framkomu og samskipti fólks. Án skilnings og þekkingar á viðhorfum aldraðra er erfitt fyrir heilbrigðisstarfsfólk að veita öldruðum skjólstaðingum sínum þann stuðning sem þarf. Iðjupjálfun sem faggrein lítur á skjólstaðinga sína sem virka þjóðfélagsþegna, sinnir hverjum einstaklingi á heildrænan hátt við þær aðstæður sem hún eða hann býr við hverju sinni. Rannsóknin var gerð í þeirri von að niðurstöður hennar vekti umhugsun og umræðu um málefnið meðal þeirra sem veita öldruðum aðstoð, þ.e. fjölskyldna þeirra, iðjupjálfa og annarra félags- og heilbrigðisstétta. Um leið er vonast til þess að niðurstöðurnar veiti upplýsingar er styrkja fræðagrunn íslenskra iðjupjálfa ásamt þeim fræðum, gildum, verklags- og siðareglum sem fagið byggir á. Mikilvægast er þó að þekkingin komi öldruðum skjólstaðingum okkar að gagni með skilningsríkri framkomu okkar og áhrifaríkum stuðningi við þá í hinum ýmsu aðstæðum sem upp kunna að koma í umsjá þeirra.

Summary

• **Introduction:** With the aging population and the increase in health care costs, issues of independence and autonomy will have an increased impact on health care services. Shorter hospital-stays and reduction of rehabilitation within institutions call for occupational therapy outpatient and community ser-

vices. Independence of a person is apt to change throughout a lifespan. As people grow older they may face changes in their physical, psychosocial, cognitive and spiritual functioning. These changes may call for changes in the older person's environment and result in changes of the older person's roles and habits. Most importantly all of these changes may affect the older person's ability to effectively make autonomous decisions. With a specialized knowledge of occupation and independent living occupational therapists can improve life quality of the elderly by understanding their perception of autonomy and paternalism. By adding this knowledge about beliefs towards autonomy and paternalism to their professional base, Icelandic occupational therapists will give more relevant information and support to family caregivers, and make a noteworthy contribution to the training of future occupational therapy students. This study is a part of a larger study that has been conducted by Gail Ann Hills PhD., professor in Occupational Therapy at Florida International University, U.S.A.

• **Methods:** A convenience sample of 57 Icelandic elderly were surveyed regarding their attitudes and beliefs toward autonomy and paternalism in caregiving of the elderly and a comparison was made to see if there were differences between the beliefs of older persons living in their own homes in the community and of those living in senior housing complexes. Questionnaires were administered to the sample in order to answer two research questions. What are the attitudes and beliefs of Icelandic elderly individuals toward autonomy and paternalism in caregiving of the

Búseta heima	úti í samfélaginu		í þjón.íbúðum f. aldraða			
	n=19-21		n=26-34		t gildi	p gildi
Breytur	M	SF	M	SF		
Skípt sjálfræði	80,05	11,10	72,90	11,73	2,18	0,035
Sameiginlegt	25,20	5,75	21,82	5,33	2,18	0,034
Aðstæður:						
Heilsufar	42,74	5,70	38,86	6,90	2,02	0,049
Daglegt líf	43,10	6,15	38,85	6,94	2,13	0,039
Andlegt atgervi:						
Skert hugarstarf	49,85	7,08	45,38	6,62	2,33	0,024

Útreiknuð stig byggjast á Likert-kvarða: 1 = mjög ósammála, 2 = frekar ósammála, 3 = hlutlaus, 4 = frekar sammála, 5 = mjög sammála.

5. Tafla: Marktækur munur á viðhorfum hópanna til sjálfræðis, skipt eftir búsetu.

elderly? Are there differences in the attitudes and beliefs toward autonomy and paternalism of older persons living in senior housing complexes and of those living in their homes in the community? Score means, means, standard deviations and percentages describe the beliefs of the elderly toward autonomy and paternalism, T-tests, chi-square computations were used to see if significant differences existed between groups.

• **Results:** In this study the Icelandic elderly from the greater Reykjavik area supported autonomy and held neutral beliefs toward paternalism in general and in all subtypes and caregiving situations. Significant differences were found between the two elderly groups. Elderly living at home indicated stronger beliefs on the autonomy scale compared to those living in senior housing complexes. Elderly women held stronger beliefs in autonomy, while elderly men held stronger paternalistic beliefs than did the women. Married subjects were more autonomous than were the single respondents. Senior housing elders were generally older and in poorer health, and in lower economical and occupational situations.

• **Discussion:** Much is yet to be explored since little or no research exists in Iceland on autonomy and paternalism or caregiving issues in general. It remains to be seen if trends found in this study will remain or change in the context of the rapid cultural changes occurring particularly in the urban Reykjavik area. It may be interesting to examine if beliefs in autonomy and paternalism change at certain points in life. Future research is also needed to determine if the expectations of the elderly change as their health becomes poorer, if there are differences in beliefs between different age groups of elderly and if there are differences in autonomous beliefs between caregiving dyads. Turning from the elder to the caregiver, it is also important to consider the respect for the autonomy of the caregivers and the caregivers' rights also need to be studied. The cultural concept of caregiving also needs to be defined, especially in context to the shared reciprocity within the Icelandic family. For instance, where does shared reciprocity end and caregiving begin?

Without understanding and knowledge of elderly autonomy it would be difficult for health care professionals to give relevant support to their elderly clients. In order to add to the knowledge base of Icelandic occupational therapy it is recommended that autonomy and paternalism in relation to caregiving of the elderly be included in the academic program and continuing education for Icelandic occupational therapists and occupational therapy students.

Höfundur er iðjuþjálfari MS og starfar sem forstöðuiðjuþjálfari á Landspítala háskólasjúkrahúsi í Fossvogi

Heimildaskrá

- Abramson, M. (1985). The Autonomy-Paternalism Dilemma in Social Work Practice. Social Casework. *The Journal of Contemporary Social Work*, 66, bls. 387 – 392.
- American Occupational Therapy Association (1994). Occupational Therapy Code of Ethics. *American Journal of Occupational Therapy*, 48, pp. 1037 – 1038.
- Árnason, V. (1993). *Siðfræði lífs og dauða*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í Siðfræði. Háskóli Íslands.
- Brown, D. S., Gardner, D. L., Perritt, L. & Kelly, D. G. (1992). Improvement in Attitudes Toward the Elderly Following Traditional and Geriatric Mock Clinics for Physical Therapy Students. *Physical Therapy*, 72(4), pp. 251 – 257.
- Cicirelli, V. C. (1989). *Measures of Family Members' Beliefs in Respect for Autonomy and Paternalism in Relation to Care of Elderly Parents: The Respect for Autonomy Scale and the Paternalism Scale*. West Lafayette, Indiana: Retirement Research Foundation.
- Council of Europe (1996). Iceland. *Í Recent Demographic Developments in Europe*.
- Frimannsson, G. H. (1993) Hugtakið sjálfræði. Í *Erindi siðfræðinnar*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í Siðfræði. Háskóli Íslands.
- Hagstofa Íslands. (1997) *Landshagir. Upplýsingar um mannfjöldatölur*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. (1998) *Landshagir. Upplýsingar um mannfjöldatölur*. Óbirt. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Heliken, D., Brophy, E. B., Naughton-Walsh, M., druyan, M. E., Hungelmann, J. A., Jacobs, M., LaPalio, L., Sabbia-Madden, P. & Schulte, J. (1993) Research Briefs: A Study of Professional Health Care Students' Attitudes Toward Older Adults. *Journal of Nursing Education*, 32(8), pp. 527 – 533.
- Himes, C. L. (1994). Parental Caregiving by Adult Women: A Demographic Perspective. *Research on Aging*, 16(2), bls. 191 – 211.
- Kahn, R. L., Goldfarb, A. I., Pollack, M. & Gerber, I. E. (1960). The Relationship of Mental and Physical Status in Institutionalized Aged Persons. *American Journal of Psychiatry*, 117(2), bls. 120 – 124.
- Ólafsson, S. (1985). *Hvernig eru Íslendingar? Nokkrar vísbendingar um gildi í menningu Íslendinga*. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Pálsdóttir, D. (1986). Elderly in Iceland. *Rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins*, 1. Reykjavík. Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið.
- Silverstein, M., Litwak, E. (1993). A Task-specific Typology of Intergenerational Family Structure in Later Life. *The Gerontologist*, 33(2), bls. 258 – 264.
- Stephens, M. A. P., Franks, M. M., Townsend, A. L. (1994). Stress and Rewards in Women's Multiple Roles: The Case of Women in the Middle. *Psychology and Aging*, 9(1), bls. 45 – 52.
- Stephens, M. A. P., Franks, M. M. (1995). Spillover between Daughters' Roles as Caregiver and Wife: Interface or Enhancement? *Journal of Gerontology: Psychological Sciences*, 50B(1), bls. 9 – 17.
- Stone, R. I., Short, P. F., Toseland, R. W. (1991). The Competing Demands of Employment and Informal Caregiving to Disabled Elders. *Medical Care*, 28(6), bls. 513 – 526.
- Wieland G. D. (1994). The Development of Geriatric Services for Elderly Icelanders: Pursuing Equity and Uniformity. Í *Eldercare, Distributive Justice and the Welfare State: Expansion or Retrenchment?* Ritstjórar: Gill D. og Ingmann S. R. Albany: Suny Press. bls. 83– 110.
- Wolfson, C., Handfield-Jones, R., Glass, K., McClaran, J., Keyserling, E. (1993). Adult Children's Perceptions of their Responsibility to Provide Care for Dependent Elderly Parents. *The Gerontologist*, 33(3), bls. 258 – 264.

Eru iðjubjálfar áhuga

Í handbók um starfsemi IPÍ stendur: Kosið er í kjaranefnd á aðalfundi og er kjörtímabil að lágmarki 2 ár. Kjaranefnd er skipuð 7 fulltrúum, þar af 2 varafulltrúum. Ekki má skipta um alla nefndarmenn á sama tíma. Ætíð skal einn úr stjórn eiga sæti í kjaranefnd. Innan nefndarinnar eru eftirtalin embætti: Formaður, varaformaður, ritari og meðstjórnendur.

Tilgangurinn með starfi kjaranefndar er að semja um þau laun og kjör félagsmanna IPÍ sem falla undir samningsumboð félagsins, ásamt því að fylgjast með launaþróun. Markmiðið er að bæta kjör og tryggja réttindi félagsmanna með kjarasamningum við atvinnurekendur. Hlutverk og ábyrgð nefndarinnar er að fylgja ofangreindum atriðum og upplýsa félagsmenn um réttindi og skyldur og um gang mála varðandi kjarasamninga. Nefndin sinnir einnig einstaklingsmálum fyrir þá sem á þurfa að halda. Kjaranefndin er í samstarfi við BHM varðandi réttindi og skyldur félagsmanna og formaður nefndarinnar er fulltrúi IPÍ í miðstjórn BHM, sem fundar mánaðarlega.

Gangur mála

Á undanförnum mánuðum hefur Iðjubjálfafélagið átt í kjaraviðræðum við Launanefnd sveitarfélaga (LN), sem fer með samningsumboð fyrir flest sveitarfélög á landinu og við Samninganefnd ríkisins (SNR). Samningar við þessa aðila runnu út í lok síðasta árs og nokkuð þétt hefur verið fundað með Launanefnd sveitarfélaga en sjaldnar með Samninganefnd ríkisins. Þar kemur tvennt til, annars vegar hefur afar lítið verið að gerast í viðræðum við ríkið almennt og hins vegar hefur kjaranefnd félagsins verið mjög sparlega mönnuð.

Kröfur og áherslur

Þær kröfur sem við í kjaranefnd settum á oddinn að þessu sinni eru flestar hverjar sambærilegar þeim kröfum sem önnur BHM félög hafa sett fram. Megin áherslur eru þessar:

- störf iðjubjálfa verði metin að verðleikum
- hækkun grunnlauna, svigrúm til hækkana verði aukið m.a. með fjölgun launaflokka og fjölgun starfsaldursþrepa
- þáttur stofnanasamnings verði tryggður í samningum við ríkið
- ákvæði um endurmenntun verði endurskoðuð og réttur til námsleyfis á launum verði aukinn
- vinnuvikan verði styttnið í 36 stundir
- yfirvinna sem tekin er út í fríu samsvari 1,8 stundum í dagvinnu fyrir hverja yfirvinnustund

Í raun eru áherslur svipaðar í kröfugerð okkar gagnvart báðum viðsejendum. Það sem greinir á milli er að annars vegar er um samning sem unninn er í hinu svokallaða nýja launakerfi að ræða, en hins vegar er um samning með gamla laginu. Til að skýra þennan mun aðeins nánar, þá er í nýja kerfinu um tvískiptingu samnings að ræða, miðlægan hluta sem samið er um við Samninganefnd ríkisins og stofnanapátt sem eins og nafnið bendir til er unninn á viðkomandi stofnun. Viðræður sem nú fara fram eru því um efnisatriði í miðlæga hlutanum.

Viðræður

Fundir með Launanefnd sveitarfélaga hafa farið í að skilgreina störf og skýra út fyrir þeim sem þar sitja í hverju störf iðjubjálfa geti falist og hvar við sjáum iðjubjálfa að störfum hjá sveitarfélögum í framtíðinni. Þær þrjár stöður sem við nú erum að semja um standa illa í samanburði við það sem gengur og gerist annars staðar. Ástæðurnar eru nokkrar, en þyngst vegur líklega að annars vegar er um stöður sem eru á yfirlýstu láglaunasvæði og hins vegar hafa laun iðjubjálfa hækkað meira en það sem hefur orðið raunin með samning við LN.

lausir um launin sín?

Það sem BHM félögum hefur verið boðið af hálfu SNR er 6,9% hækkun við undirritun samnings og einhverjar árlegar hækkanir á samningstímabilinu sem yrði til loka nóvember 2004. Lítið sem ekkert hefur verið hægt að ræða um okkar helstu kröfur, viðkvæðið er að þetta sé það sem í boði er og svona ætli SNR að semja. Önnur félög hafa lagt ómælda vinnu

Þú hefur möguleika á að hafa áhrif á eigin laun með því að taka þátt í starfi kjaranefndar.

Í að hnika til orðalagi í ákvæðum sem fjalla um stofnanabátt samningsins. Sú vinna hefur skilað einhverju en ekki nógu miklu til að fulltryggt sé að á hann sé lítið sem eðlilegan hluta samningsins og því beri að endurskoða hann reglulega. Við upphaf þessarar samningslotu var látið í veðri vaka að stofnanasamningarnir (aðlögunarsamningarnir) væru ekki til umræðu, þeir ættu að standa óbreyttir. Ekki voru uppi áform af hálfu ríkisins um að endurskoða þá.

Frá sjónarhóli okkar kom það ekki til greina, enda mjög mismunandi hversu vel þeir hafa reynst. Þetta var ný leið sem enginn hafði áður farið og hafa því ýmsir vankantar komið í ljós, sem mikilvægt er að sníða af hið fyrsta. Því má segja að þessi þáttur sé það sem tefur undirritun samningsins þar sem laun iðjupjálfa eru tiltölulega strípuð. Við sækjum ekki aura í ákvæði um vaktavinnuálag og annað í þá veruna. Það má lengi deila um hvort þarna sé um viðunandi tilboð að ræða enda mikilvægt að horfa á þetta í víðara samhengi. Mikilvægast er jú hvað við fáum mikið fyrir krónurnar en ekki hve margar þær eru. Viðsemjendur okkar bera við þeim samningum sem búið er að gera á almenna markaðinum og þannig má segja að við séum bundin á klafa Flóabandalagsins.

Tíðir samráðsfundir eru meðal BHM- félaga, auk þess sem kjaranefnd hefur orðið að hittast reglulega á milli funda til að undirbúa næstu lotu og til að stappa í okkur stálinu. Þessi vinna er að mörgu leyti skemmtileg áskorun og mikilvægt að láta ekki tapaðar smáorrustur

setja sig út af laginu. Kjarabætur koma ekki af sjálfu sér.

Kjarabætur koma ekki af sjálfu sér

Eins og allir vita var aðalfundur félagsins haldinn þann 10. mars síðast liðinn. Í kjaranefnd voru þrír félagsmenn sem allar ætla að hætta eftir margra ára vinnu í nefndinni. Þrír félagsmenn gáfu kost á sér til starfa í nefndinni. Tveir eru í Reykjavík og einn er á Akureyri. Enn vantar því fjóra nefndarmenn í kjaranefnd. ÍPÍ getur ekki neytt félagsmenn í nefndir, né þvingað núverandi nefndarmenn sem hafa unnið fyrir félagið í mörg ár til að halda því áfram. Þeir ætla ekki að draga sig alveg út úr nefndinni fyrr en yfirstandandi samningar eru í höfn, síðan verður nýja nefndin að taka við. Nýja nefndin er hinsvegar óstarfhæf vegna manneklu og getur vinna við endurskoðun stofnanabáttar samningsins dregist af þeim sökum. Ekki svo að skilja að það sé alfarið í höndum kjaranefndar að sjá um þann þátt, heldur kemur hún að þeim málum með beinum eða óbeinum hætti. Við sem nýjar erum í kjaranefnd höfum sótt um styrk til Fræðslusjóðs ÍPÍ til að standa fyrir námskeiði nú í haust. Markmiðið með því er að fá „hraðnámskeið“ í samningatækni og því sem mikilvægast er að vita við gerð samninga. Þetta mun þannig nýtast okkur í kjaranefndarstarfinu en einnig almennt í starfi okkar sem iðjupjálfar.

Þess vegna spyrjum við þig ágæti félagsmaður:

- ert þú ánægður með launin þín?
- stendur þér á sama um launin?

Þú hefur möguleika á að hafa áhrif á eigin laun með því að taka þátt í starfi kjaranefndar. Það er mikilvægt að ný kjaranefnd verði sem fyrst fullmönnuð. Breyttu því viðhorfi þínu og spurðu sjálfan þig hvað þú getur gert fyrir félagið í stað þess hvað félagið geti gert fyrir þig.

HSS/RH/SKG/VMJ

Siðareglur Iðjubjálfa

- samþykktar á aðal

Með siðareglum er haldið á lofti þeim gildum og mæginsjónarmiðum sem iðjubjálfun byggist á. Þeim er ætlað að leiðbeina iðjubjálfum og nemum í iðjubjálfun og stuðla að bættri þjónustu iðjubjálfa. Mælt er með því að atvinnurekendur felli siðareglurnar inn í starfssamninga iðjubjálfa.

Komi upp óvissa eða ágreiningur varðandi túlkun eða notkun siðareglanna, skal beina fyrirsprungnum til siðanefndar Iðjubjálfafélags Íslands (ÍPÍ). Hver sá sem telur að iðjubjálfi hafi brotið gegn siðareglum þessum getur kært ætlað brot til siðanefndar ÍPÍ.

Endurskoðun siðareglanna er á ábyrgð stjórnar Iðjubjálfafélags Íslands.

Hlutverk iðjubjálfa

Iðjubjálfar vinna með skjólstæðingum sínum við að efla færni þeirra með það að markmiði að þeir öðlist meira sjálfstæði og lífsfyllingu. Iðjubjálfar starfa við heilsuefingu og forvarnir, jafnt sem hæfingu og endurhæfingu.

Sjónarmið iðjubjálfunar

Iðjubjálfun byggist á þeirri hugmyndafræði að það sé mikilvægt fyrir heilsu og vellíðan fólks að móta og stunda þá iðju sem fullnægir þörfum þess og áhuga og er í samræmi við kröfur og venjur samfélagsins. Með iðju er átt við öll þau verk og athafnir sem fólk tekur þátt í til að annast sjálft sig, njóta lífsins og koma samfélaginu að gagni.

Iðjubjálfar aðhyllast skjólstæðingsmiðaða nálgun og virka þátttöku skjólstæðingsins á öllum stigum þjónustunnar. Skjólstæðingar iðjubjálfa eru oftast einstaklingar eða hópar sem vegna röskunar á þroska, veikinda, áfalla eða öldrunar hafa takmarkaða möguleika til iðju. Iðjubjálfar veita einnig þjónustu innan stjórnsýslu, félagasamtökum og stofnunum sem hafa áhrif á heilsufar fólks og möguleika þess til að stunda iðju.

Eftirfarandi sjónarmið eru höfð að leiðarljósi:

- Fólk er í eðli sínu virkt og haldið athafnaþörf. Þessari þörf er fullnægt með margs

konar iðju sem veitir tilgang, ýtir undir alhliða þroska og eykur færni.

- Iðja mótast af samspili fólks við umhverfið og með iðju sinni hefur maðurinn áhrif á eigin færni og umhverfi sitt.
- Röskun á iðju getur ýmist verið orsök eða afleiðing líkamlegra og andlegra kvilla.
- Langvarandi röskun á iðju hefur veruleg áhrif á lífshlaup fólks þar eð hún er skaðleg heilsunni og dregur úr möguleikum fólks til þroska.

1. Iðjubjálfi og skjólstæðingar

- 1.1. Iðjubjálfi virðir mannhelgi skjólstæðinga sinna og ber hag þeirra fyrir brjósti hver sem starfsvettvangur hans er.
- 1.2. Iðjubjálfi gætir fyllstu þagmælsku um þau mál sem hann kann að verða áskynja í starfi sínu. Undantekningu frá þagnarskyldu má einungis gera með leyfi skjólstæðings eða samkvæmt lagaboði.
- 1.3. Iðjubjálfi rækir störf sín af fordómaleysi og án þess að fara í manngreinaralit vegna færniröskunar, kynþáttar, menningar, trúarbragða, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, þjóðfélagsstöðu eða stjórnmálaskoðana skjólstæðinga sinna.
- 1.4. Iðjubjálfi vinnur í nánú samráði við skjólstæðinga sína, virðir þekkingu þeirra og reynslu og tekur mið af þörfum þeirra, færni og aðstæðum þegar þjónustuáætlun er gerð.
- 1.5. Iðjubjálfi eflir skjólstæðinga sína til að auka eigin færni, virðir sjálfsákvörðunarrétt þeirra og upplýsir þá um valkostina sem koma til greina við lausn á færnivanda.
- 1.6. Iðjubjálfi vísar skjólstæðingi til annars aðila telji hann hag hans betur borgið með þeim hætti.

Iðjupjálfi Íslands

Fundi 10. mars 2001

- 1.7. Iðjupjálfi forðast að hafast nokkuð að er rýrt geti trúnaðarsamband hans við skjólstaðinga sína og notfærir sér ekki tengsl við skjólstaðinga sér til frambrotar.

2. Iðjupjálfi og starf, rannsóknir og menntun

- 2.1. Iðjupjálfi vinnur samkvæmt hugmyndafræði og sjónarmiðum iðjupjálfunar, axlar þá ábyrgð og virðir þau takmörk sem fylgja menntun hans og starfi.
- 2.2. Iðjupjálfi er trúr sannfæringu sinni og getur synjað því að veita íhlutun, sem hann treystir sér ekki til að bera faglega ábyrgð á.
- 2.3. Iðjupjálfi eykur þekkingu sína og nýtir sér nýfengna þekkingu jafnóðum í starfi.
- 2.4. Iðjupjálfi nýtir sér rannsóknir og kenningar í starfi og axlar ábyrgð sína á þróun iðjupjálfunar sem fræðigreinar.
- 2.5. Hvar sem iðjupjálfi kemur fram í nafni menntunar sinnar ber hann orðstír sinn og stéttar sinnar fyrir brjósti. Þetta á við um alla framsetningu, jafnt í ræðu og riti.
- 2.6. Iðjupjálfi sinnir ekki starfi sínu undir áhrifum áfengis, lyfja eða annarra efna sem slæva dómgreind hans og athygli.

3. Iðjupjálfi og samstarfsfólk

- 3.1. Iðjupjálfi vinnur af heilindum og heiðarleika í öllu samstarfi með hagsmuni skjólstaðinga sinna að leiðarljósi.
- 3.2. Iðjupjálfi miðlar af þekkingu sinni og reynslu til annarra iðjupjálfa, nemenda og samstarfsfólks.
- 3.3. Iðjupjálfi sýnir stéttvísi en virðir jafnframt störf annarra fagstétta og sérþekkingu þeirra.
- 3.4. Iðjupjálfi virðir hæfni, skyldur og ábyrgð annarra iðjupjálfa. Komi upp faglegur

ágreiningur skal iðjupjálfi beita gagnrýni af sanngirni og reyna að miðla málum svo niðurstaða fáið með hagsmuni skjólstaðinga að leiðarljósi.

- 3.5. Telji iðjupjálfi að annar iðjupjálfi hafi brotið gegn siðareglum iðjupjálfa, getur viðkomandi óskað eftir umfjöllun siðanefndar Iðjupjálfafélags Íslands, hafi ábendingar og viðræður ekki borið árangur.

- 3.6. Telji iðjupjálfi að samstarfsaðili vinni gegn hagsmunum skjólstaðings ber honum skylda til að tilkynna það viðeigandi aðila, hafi ábendingar og viðræður ekki borið árangur.

4. Iðjupjálfi og samfélagið

- 4.1. Iðjupjálfi nýtir þekkingu og reynslu sína í þágu samfélagsins.
- 4.2. Iðjupjálfi eflir og bætir iðjupjálfun í takt við þróun og breytingar í samfélaginu.
- 4.3. Iðjupjálfi hefur frumkvæði að og er virkur þátttakandi í stefnumótun heilsueflingar, hæfingar- og endurhæfingarpjónustu innan heilbrigðis-, félags- og menntakerfis.
- 4.4. Iðjupjálfi lætur sig varða orðstír og stöðu iðjupjálfunar meðal almennings, stjórn-sýslu og stofnana, bæði héraðs og á alþjóðlegum vettvangi.
- 4.5. Iðjupjálfi auglýsir þjónustu sína eða starfsemi á málefnalegan hátt og gefur ekki í skyn faglega yfirburði umfram aðra fagmenn í auglýsingum eða annarri umfjöllun í fjölmiðlum.
- 4.6. Umfjöllun iðjupjálfa um vörur og þjónustu skal vera fagleg og án þess að halda á lofti yfirburðum viðkomandi vöru eða þjónustu.

Félagatal IPÍ

Íðjupjálfar:

Anna G. Valdemarsdóttir
Anna Guðrún Arnardóttir
Anna Ingileif Erlendsdóttir
Anna S. Jónsdóttir
Anna Sveinbjörnsdóttir
Anne Grethe Hansen
Annemarie Vendelbo Hansen
Annetta A Ingimundardóttir
Auður Axelsdóttir
Auður Hafsteinsdóttir
Bára Sigurðardóttir
Bärbel Molenaar
Berglind Ásgeirsdóttir
Berglind Bára Bjarnadóttir
Berglind Kristinsdóttir
Birgit Schov
Birgitte Korsgaard Jensen
Bjargey Ingólfssdóttir
Björg Þórðardóttir
Björk Pálsdóttir
Björk Steingrúmsdóttir
Christina Stenholdt Laursen
Cindy Anderson
Dale Mulford
Elín Ebba Ásmundsdóttir
Elín Hannesdóttir
Elsa Ingimarsdóttir
Elsa S. Þorvaldsdóttir
Erla Björk Sveinbjörnsdóttir
Erna Magnúsdóttir
Fanney Jónsdóttir
Fanney Karlsdóttir
Finnur Bárðarson
Gerður Gústavsdóttir
Guðbjörg D. Tryggvadóttir
Guðný Katrín Einarsdóttir
Guðrún Árnadóttir
Guðrún Áslaug Einarsdóttir
Guðrún Hafsteinsdóttir
Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir
Guðrún Pálmadóttir
Gunnhildur Gísladóttir
H. Ásta Guðjónsdóttir
Hafðís S. Sverrisdóttir
Helga Guðjónsdóttir
Hildur Þráinsdóttir
Hlín Guðjónsdóttir
Hope Knútsson
Hrefna Óskarsdóttir
Hrönn Birgisdóttir

Hulda Birgisdóttir
I Sigríður Jónsdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir
Ingibjörg Pétursdóttir
Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir
Jóhanna Ingólfssdóttir
Jóhanna R. Kolbeins
Jóna Kristófersdóttir
Júliana Hansdóttir
Karina Pedersen
Katla Kristvinsdóttir
Kolbrún Ragnarsdóttir
Kristín Einarsdóttir
Kristín H. Siggeirsdóttir
Kristín Kristjánsdóttir
Kristín Sigursveinsdóttir
Kristín Tómasdóttir
Kristjana Fenger
Kristjana Ólafsdóttir
Lilja Ingvarsson
Lillý H. Sverrisdóttir
Linda Aðalsteinsdóttir
Lovísa Ólafsdóttir
Maren Ó. Sveinbjörnsdóttir
Margrét Sigurðardóttir
Oddrún Lilja Birgisdóttir
Ólög Leifsdóttir
Ragnheiður Kristinsdóttir
Ragnheiður Lúðvíksdóttir
Rannveig Baldursdóttir
Rögnvaldur Símonarson
Rósa Hauksdóttir
Sif Þórsdóttir
Sigríður Ásta Eypórsdóttir
Sigríður Bjarnadóttir
Sigríður Guðjónsdóttir
Sigríður Hermannsdóttir
Sigríður Kr. Gísladóttir
Sigríður Pétursdóttir
Sigrún Ásmundsdóttir
Sigrún Garðarsdóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Sigprúður Loftsdóttir
Sigurbjörg Hannesdóttir
Sigurður Þór Sigursteinsson
Snæfríð Egilson
Snæfríður Þóra Egilson
Soffía Haraldsdóttir
Steinunn Jóhannsdóttir
Sylviane L. Pétursson
Þóra Leósdóttir

Þórunn Gunnarsdóttir
Þórunn Þórarinsdóttir
Unnur S. Alfreðsdóttir
Vala Mörk Johannesdóttir
Vala Steinunn Guðmundsd.
Valborg Kristjánsdóttir
Valdís Edda Valtýsdóttir
Valrós Sigurbjörnsdóttir

Íðjupjálfanemar:

Á. Sísý Malmquist
Aðalheiður Reynisdóttir
Agnes Ástvaldsdóttir
Álfheiður Karlsdóttir
Alís Freygarðsdóttir
Anna Guðný Guðmundsdóttir
Anna K. Sigurpálsdóttir
Antonía María Gestsdóttir
Ásbjörg Magnúsdóttir
Ásdís Sigurjónsdóttir
Bergdís Ösp Bjarkadóttir
Bergþóra Guðrún Þorsteinsd.
Birna Guðrún Baldursdóttir
Dagný Þóra Baldursdóttir
Elísa Arnars Ólafsdóttir
Erla Björnsdóttir
Eygló Daníelsdóttir
Guðbjörg Guðmundsdóttir
Hafðís Hrönn Pétursdóttir
Harpa Guðmundsdóttir
Helga Magnea Þorbjarnardóttir
Hólmðís Freyja Methúsalemsd.
Hulda Björnsdóttir
Inga Dís Árnadóttir
Jóhanna Línal
Jóhanna Mjöll Björnsdóttir
Jónína Guðrún Gunnarsdóttir
Jónína Sigurðardóttir
Kristbjörg Rán Valgarðsdóttir
Kristjana Milla Snorradóttir
María S. Þórðardóttir
Ólafur Örn E. Torfason
Petrea Guðný Sigurðardóttir
Sandra Rún Björnsdóttir
Signý Þöll Kristinsdóttir
Sonja Stelly Gústafsdóttir
Svanhildur Pála Pétursdóttir
Valdís Guðbrandsdóttir

Eftirtaldar stofnanir og fyrirtæki sem bjóða þjónustu iðjupjálfa
færa þeim árnáðaróskir í tilefni af 25 ára afmæli félagsins!



**Búsetu- og öldrunardeild
Akureyrarbæjar**

Glerárgötu 26 • 600 Akureyri

Dagvist MS félagsins

Sléttuvegi 5 • 108 Reykjavík
www.islandia.is/~ms
msfelag@msfelag.is



Eirberg

Grjóthálsi 5 • 110 Reykjavík
www.eirgberg.is
stefan@eirberg.is

**Fjórðungssjúkrahúsið á
Akureyri**

Eyrarlandsvegi • 600 Akureyri

**Fræðslu- og menningarsvið
Kópavogsbæjar**

Fannborg 2 • 200 Kópavogur
www.kopavogur.is



GIGTARFÉLAG
ÍSLANDS

Ármúla 5 • 108 Reykjavík
www.gigt.is • gigt@gigt.is



Greiningar- og
ráðgjafarstöð ríkisins

Digranesvegi 5 • 200 Kópavogur
www.greining.is



**Heilbrigðis- og félagssvið
Hornafjarðar**

Hafnarbraut 27 • 780 Höfn



Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Skólavegi 6 • 230 Reykjanesbær
www.hss.is

**Heilbrigðisstofnunin
Sauðárkróki**

550 Sauðárkrókur

**Hjálpartækjamiðstöð
Tryggingastofnunar ríkisins**

Smiðjuvegi 28, græn gata
200 Kópavogur
www.tr.is

Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Árskógum 2 • 109 Reykjavík

Hlíðarbær

Flókagötu 53 • 105 Reykjavík
hliðarbaer2@itn.is



Vörðuskóla v/Egilsgötu
101 Reykjavík



KLÚBBURINN
GEYSIR

BYGGT Á OG REKIÐ SAMKVÆMT ALHJÓÐLEGRI
HUGMYNDAFRÆÐI FOUNTAIN HOUSE

Ægisdötu 7 • 101 Reykjavík
geysir@centrum.is



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

www.landspitali.is

Plastiðjan Bjarg - lðjulundur

Dalsbraut 1 • 601 Akureyri
pbi@akureyri.is

**Reykjalundur,
Endurhæfingarmiðstöð**

170 Mosfellsbær
www.reykjalundur.is

Sjálfsbjargarheimilið

Hátúni 12 • 105 Reykjavík
www.sjalfsbjargarheimilið.is
home@islandia.is



**Sjúkrahúsið og
heilsugæslustöðin á Akranesi**

Merkigerði 9 • 300 Akranes
Sími 430 6000 • Fax 430 6001
sha@sha.is

Solarplexus ehf.

Ármúla 29 • 108 Reykjavík



**Styrktarfélag lamaðra og
fatlaðra**

Háaleitisbraut 11-13
108 Reykjavík

Örvi, starfspjálfunarstaður

Kársnesbraut 110 • 200
Kópavogur



Iðja · heilsa · vellíðan

Akureyri

7. - 8. júní 2001

Iðjuþjálfar halda ráðstefnu

Dagana 7. og 8. júní næst komandi standa Iðjuþjálfafélag Íslands og Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri fyrir ráðstefnu um iðjuþjálfun í íslensku samfélagi. Ráðstefnan fer fram í glæsilegu húsnæði háskólans við Norðurslóð á Akureyri. Þetta er viðburðaríkt ár hjá íslenskum iðjuþjálfum því auk þess sem félagið fagnar 25 ára afmæli þá eru fyrstu nemarnir að ljúka BS námi sínu frá Iðjuþjálfunarbraut HA.

Góð aðsókn

Undirbúningur hefur staðið yfir í tæpt ár og er nú á lokastigi. Það er óhætt að segja að undirtektir hafi verið góðar því margir hafa skráð sig á ráðstefnuna, einnig iðjuþjálfar erlendis frá. Erindi eru haldin á ensku og íslensku. Fjölmörg þjónustufyrirtæki munu kynna vörur og þjónustu á ráðstefnusvæðinu. Starfsfólk Ferðaskrifstofu Íslands heldur utan um skráningu og upplýsingamiðlun í samvinnu við fagrað ráðstefnunnar.

Allar upplýsingar má finna á sérstakri vefsíðu sem hægt er að finna á slóðinni: www.islandia.is/idjuthjalfun.

Skemmtun

Þátttakendum gefst kostur á að fara í skoðunarferð til Hríseyjar þar sem boðið er upp á siglingu og grill á fimmtudeginum. Að kvöldi föstudagsins 8. júní verður haldið glæsilegt lokahóf í Oddfellow húsinu en það er jafnframt afmælisfagnaður félagsins. Skemmtinefnd skipuð hressum iðjuþjálfum mun hafa veg og vanda af veislustjórn. Verður þetta án efa hin eftirminnilegasta skemmtun með góðum mat og drykk.

Fjölbreytt efni

Daginn fyrir sjálfa ráðstefuna þann 6. júní munu úrskriftarnemar kynna lokaverkefni sín. Sjálf dagskráin er hin vandaðasta og ráðstefnugestir fá afhent hefti með ágrípum fyrirlestra og veggspjalda við skráningu. Setning ráðstefnunnar er kl. 10 á fimmtudeginum þann 7. júní og flutt verða stutt ávörp í kjölfarið.

Tveir gestafyrirlesarar verða með erindi en það eru doktor Carolyn Baum, prófessor í iðjuþjálfun við Washington háskólann í St. Louis Missouri og Jón Sigurðsson læknir. Þrjú inngangserindi eru flutt af þekktum erlendum fræðimönnum í upphafi hvers þema. Fyrirlesararnir eru flestum íslenskum iðjuþjálfum kunnugir. Þetta eru doktor Gail Hills Maguire, prófessor í iðjuþjálfun við Florida International University, en hún dvaldi hér á landi árið 1995 og vann að skipulagningu náms í iðjuþjálfun á Íslandi. Ennfremur koma þær doktor Elizabeth Townsend og prófessor Barbara O'Shea frá Dalhousie University í Halifax í Kanada, en undanfarin ár hefur ver-

Um það bil 30 fyrirlestrar eru í boði og ávallt hægt að velja á milli ólíkra erinda á ensku og íslensku.

ið töluverð samvinna milli iðjuþjálfunarbrautarinnar þar og Háskólans á Akureyri.

Dagskráin endurspeglar að öðru leyti þá grósku sem er innan iðjuþjálfunar á Íslandi. Um það bil 30 fyrirlestrar eru í boði og ávallt hægt að velja á milli ólíkra erinda á ensku og íslensku. Í þema I verður fjallað um hugmyndafræði, rannsóknir og nám. Í þema II er viðfangsefnið aðferðir, þróun og nýjungar í þjónustu iðjuþjálfara. Erindi sem lúta að iðjuþjálfun og samfélagi undir þema III tengjast hlutverki, markaðssetningu og stjórnsýslu.

Þetta er í fyrsta sinn sem haldin er ráðstefna um iðjuþjálfun hér á landi og markar hún tímamót í þróun iðjuþjálfunar sem íslenskrar fræðigreinar.

PL

www.islandia.is/idjuthjalfun

húsgögn sem fylgja þér



húsgögn á hreyfingu

HREYFING STILLANLEIKI AÐLÖGUN

húsgögn sem styðja þig



húsgögn sem hlýða



„...sum húsgögn taka aldrei á sig endanlega mynd. þau stjarna við þig og laga sig að hverri hreyfingu. Önnur eru aðeins tregari og breyta sér ekki nema að þú skipir svo fyrir. og hvað með það þó húsgögn lesi ekki hugsanir“.





Stoð hf
-stoðtækjasmíði
hefur verið skipt
í þrjú sjálfstæð
fyrirtæki. HTS er
eitt þessara fyrir-
tækja og annast
það alla sölu á stoð - og hjálpartækjum.



*Bestu þakkið
Svanur*

Í tilefni af þessum
tímamótum hafa
Stoð og HTS styrkt
Svan Ingvarsson til
kaupa á hjólastól
frá HTS.

Hjólastóllinn er lipur
og býður upp á aðra
möguleika en þeir
stólar sem úthlutað
hefur verið hér á
landi.